

Bóluefni ekki væntanlegt á komandi árum

COVID-19 veiran greindist á hóteli á Tenerife í gær. Sjö Íslendingar eru á hótelinu og segir sóttvarnalæknir bóluefni ekki í sjónmáli. Þá sé engin meðferð til fyrir þá sem greinast með veiruna. Mikilvægt að almenningur fylgi opinberum tilmælum.

HEILBRIGÐISMÁL Um þúsund manns, þar af sjö Íslendingar, eru í sóttkví á H10 Costa Adeje Palace hótelinu á Tenerife eftir að ítalskur læknir og eiginkona hans, sem dvalið höfðu þar, greindust með COVID-19 veiruna í gær.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir viðbrögðin hér á landi við smiti á Tenerife svipuð og þegar smit hafi komið upp annars staðar í heiminum. „Þetta snertir okkur meira en fyrri fréttir því þarna eru Íslendingar,“ segir hann og bætir við að Íslendingar sem komi heim frá Tenerife, aðrir en þeir sem dvöldu á fyrrnefndu hóteli, verði ekki settir í sóttkví við heimkomu. „Við einblinum á þá sem hafa dvalið á þessu hóteli,“ segir Þórólfur.

„Það hefur bara komið upp eitt tilfelli þarna og á meðan þau eru ekki fleiri þá erum við ekki að fara að setja allt Tenerife undir,“ segir hann.

Þá segir Þórólfur að enginn sérstæk meðferð sé til fyrir þá sem greinast með COVID-19 veiruna en að 80 prósent þeirra sem með hana greinist fái einungis væga sýkingu.

„Það þarf bara að gefa fólki ráð um hitalækkandi og slíkt eins og í venjulegri pest en ef fólk fær öndunarerfiðleika eins og getur gerst í stöku tilvikum þessarar veirusýkingar getur þurft að leggja viðkomandi inn á spítala eða jafnvel inn á gjörgæslu. En það eru ekki til nein



Þórólfur Guðnason, yfirlæknir á sóttvarnasviði Landlæknisembættisins

sérstök lyf til að vinna á veirunni,“ segir hann.

Aðspurður hvort búast megi við bóluefni í náninni framtíð segir Þórólfur svo ekki vera. „Við bindum engar vonir við það að bóluefni verði til á næstunni, það tekur mörg ár að búa til bóluefni sem er öruggt og virkt þannig að það er ekkert inni í myndinni,“ segir hann.

Í gær höfðu um 80 þúsund manns smitast af veirunni á heimsvísu og 2.700 látist. Þórólfur segir að möguleiki sé á að enn fleiri séu smitaðir af veirunni. „Það er alltaf möguleiki og sérstaklega með þessa sýkingu, að ákveðinn hluti og ábyggilega margir sem fá væga sýkingu sem kemur út sem kvefpest leiti ekkert endilega til læknis. Greinist þess vegna ekki en geti samt smitað,“ segir Þórólfur. Þá telur hann ólíklegt að veiran hafi borist hingað til lands án þess að vera greind.

„Það er mjög ólíklegt, allavega á þessum tímamarki. Hvernig það verður eftir mánuð eða eitthvað, við vitum það ekki.“ – bdi / sjá síðu 4

Skilmálar Isavia gætu brotnað


VIÐSKIPTI Yfirtaka Isavia á rekstri, viðhaldi og uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar er talin hafa neikvæð áhrif á afkomu félagsins sem nemur um 500 milljónum á ári. Óttast er að án annarra fjármögnunarleiða verði yfirtakan til þess að lánaskilmálar brotni með þeim afleiðingum að möguleikar Isavia til uppbyggingar verði útilokaðir.

Á stjórnarfundum Isavia var gagnrýnt að ekki væri ljóst hvernig bregðast ætti við neikvæðum áhrifum yfirtökunnar. – hae, kij / sjá Markaðinn

Geti leitað beint til dómstóla

VIÐSKIPTI Skilyrði samkeppnislaga um að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála þurfi að liggja fyrir áður en höfða megi mál til ógildingar á ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins verður fellt brott samkvæmt frumvarpi Þórdísar Kolbrúnar Gylfadóttur til breytinga á samkeppnislögum sem ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær.

EKKI er lagt til að málskotsheimild eftirlitsins verði afnumin, eins og gert var ráð fyrir í drögum að frumvarpinu í fyrra. – kij / sjá Markaðinn




Gestir H10 Costa Adeje Palace hótelsins á La Caleta á Tenerife fylgjast með lífinu fyrir utan vegg hótelsins í blíðviðrinu í gær. Um 1.000 gestir og starfsfólk H10 verða í sóttkví næstu tvær vikur eftir að gestur sem dvalið hafði á hótelinu greindist með COVID-19 veiruna. Sjö Íslendingar eru í einangrun á hótelinu. MYND/GETTY

Gleðilegan
öskudag

Syngjandi
Krónu krútt
velkomin
í dag!

KRÓNAN

Veður



Gengur í norðaustan 13-20, hvassast NV-til, þó mun hægari vindur sunnan heiða fram á kvöld. Snjócoma eða él N- og A-lands, en úrkomulítið á S- og SV-landi. Frost 0 til 8 stig.

SJÁ SIÐU 14

Breytingar hjá Torgi

FJÖLMIDLAR Gerðar hafa verið skipulagsbreytingar hjá Torgi, útgáfufélagi Fréttablaðsins og fleiri miðla. Breytingarnar miða að því að einfalda ritstjórn og styðja við markmið félagsins um fjölbreyttan og öflugan fréttaplutning og miðlun upplýsinga í gegnum miðla þess.

Davíð Stefánsson sem verið hefur annar ritstjóri Fréttablaðsins mun nú láta af því starfi. Sunna Karen Sigurþórsdóttir, annar ritstjóra fréttablaðid.is og hringbraut.is lætur einnig af störfum. Báðum eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf og þeim óskað velfarnaðar.

Tveir fréttastjórar verða ráðnir að Fréttablaðinu, þeir Garðar Örn Úlfarsson og Ari Brynjólfsson. Þeir eru báðir margreyndir í frétt- og blaðamennsku. Garðar Örn var ráðinn til starfa hjá Fréttablaðinu í apríl 2001 og hefur starfað þar síðan.

➤ Breytingarnar miða að því að einfalda ritstjórn og styðja við markmið félagsins um fjölbreyttan fréttaplutning og miðlun upplýsinga í gegnum miðla þess.

Kristjón Kormákur Guðjónsson verður einn ritstjóri fréttablaðid.is og hringbraut.is.

Enn fremur verður Jón Þórisson ritstjóri Fréttablaðsins og ábyrgðarmaður og jafnframt aðalritstjóri.

Þá kemur Markaðurinn, fylgirit Fréttablaðsins um viðskipti, efnahagsmál og atvinnulíf, út í aukinni útgáfu í fyrsta sinn í dag. Um er að ræða tuttugu síðna blað sem dreift verður ókeypis sérstaklega til forsvarsmanna fyrirtækja á dreifingarsvæði Fréttablaðsins. Ritstjóri Markaðarins er Hörður Ægisson, svo sem verið hefur.

Förstjóri Torgs er Jóhanna Helga Viðarsdóttir.

Leikhúsfærð í verkfalli



Þjóðleikhúsið hefur brugðist við verkfallsaðgerðum leikskólastarfsfólks í Reykjavík. Leikhúsið hóf að bjóða upp á sýningar fyrir börn á lækkuðu miðaverði eftir hádegi á virkum dögum í síðustu viku og hefur haldið áfram í þessari viku þar sem verkfall stendur enn. Fjöldi Reykjavíkurbarna hefur slegist í för með Ómari orðabelg, eftir Gunnar Smára Jóhannsson, við að leita að uppruna orðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Herferð gegn ADHD-lyfjum verði að linna

HEILBRIGÐISMÁL Stjórn ADHD samtakanna telur að herferð Landlæknisembættisins gegn ADHD-lyfjum verði að linna.

Þetta kemur fram í ályktun stjórnarinnar sem samþykkt var í gær. Um sé að ræða gagnreynd lyf sem hafi fyrir löngu sannað jákvæða virkni sína.

Tílfni ályktunarinnar eru nýleg ummæli Andrésar Magnússonar, yfirlæknis hjá Embætti landlæknis, í fjölmiðlum. Sagði hann notkun þessara lyfja vera óeðlilega mikla á Íslandi og greindi frá aðgerðum embættisins til að draga úr notkun þeirra.

„Að mati ADHD samtakanna ætti Embætti landlæknis frekar að fagna viðleitni fólks með ADHD til að leita eftir greiningum og úrræðum sem bætt geta líf þess, hvort sem um ræðir börn eða fullorðna,“ segir í yfirlýsingu sinni. – sar

Arion ætlar að skoða klink Li Wei nánar

Arion banki hyggst láta rannsaka nánar mynt sem kínverskur ferðamaður kom með til landsins frá heimalandi sínu og freistaði þess að skipta héraðslendis. Ganga á úr skugga um hvort myntin, eða hluti hennar, kunni að vera fölsuð.

VIÐSKIPTI Heimsókn kínverska ferðamannsins Wei Li til Íslands vakti mikla athygli í byrjun mánaðarins. Li ferðaðist til landsins með um 170 kílógrömm, að eigin sögn, af íslenskri 100 krónu mynt frá Kína og freistaði þess að skipta peningunum héraðslendis. Heildarverðmætið taldi Li vera um 1,6 milljónir króna.

Fréttablaðið greindi ítarlega frá tilraunum Li til að skipta myntinni þá rúmu viku sem hann dvaldi héraðslendis. Að hans sögn var þetta þriðja heimsókn hans til landsins og hafði hann náð að skipta rúmlega fjórum milljónum króna af mynt í fyrri heimsóknunum.

Í þessari heimsókn tók Li að fá kvittanir frá Arion banka fyrir móttöku myntar að andvirði um 400 þúsund krónur. Bankinn neitaði að greiða Li þá upphæð en á móti neitaði Li að taka við myntinni aftur frá bankanum. Þá gaf Li Samhjálp um 400 þúsund krónur í mynt í misjöfnu ástandi auk þess sem hann keypti vörur og þjónustu héraðslendis fyrir hluta þeirra myntar sem var í hvað bestu ásigkomulagi. Þá fékk listamaður búsettur héraðslendis hluta af peningunum sem viðkomandi hyggst nota við listsköpun sína. Li hélt síðan af landi brott þann 15. febrúar síðastliðinn.

Arion banki hyggst láta rannsaka hluta myntarinnar betur og ganga úr skugga um hvort hluti hennar kunni að vera falsaður. Þetta staðfestir Haraldur Guðni Eiddsson, upplýsingafulltrúi Arion banka. Verður myntin send til Seðlabanka Íslands sem mun áframsenda hana til breska fyrirtækisins Royal Mint sem slær íslenska mynt. Þar verða pening-



Stórfelldur innflutningur Wei Li á íslenskri mynt frá Kína vakti mikla athygli á dögnum en honum gekk illa að fá henni skipt í bönkum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

arnir rannsakaðar gaumgæfilega. Sambærileg mál hafa komið upp í Bandaríkjunum. Seðlabanki Bandaríkjanna hætti að taka við skemmdri mynt yfir tveggja ára tímabil, frá árinu 2015 til ársloka 2017, á meðan rannsakað var hvort stórfelldur innflutningur á dollurum frá Kína væri í raun falsað fé. Tók Seðlabankinn aftur upp þráðinn frá árinu 2018 eftir að hafa breytt reglunum lítillega. Í umfjöllun VICE frá árinu 2018 var fjallað ítarlega um uppruna kínversku myntarinnar sem átti að koma úr

samanpressuðum bílum og þvottavélum.

Þá greindi vefmiðillinn NJ.com frá því að saksóknaraembætti New Jersey-fylkis teldi sig hafa komið upp um umfangsmikinn smygling á fölsuðum dollurum frá Kína. Í frétt miðilsins kom fram að niðurstöður rannsókna hefðu bent til þess hluti myntarinnar innihéldi aðra málma en eru í bandaríska dalnum. Var umfang hins meinta svindls talið nema um 700 milljónum íslenskra króna.

bjornth@frettabladid.is

Tannlækningar í Ungverjalandi

Sparaðu allt að 50-70%!



Fyrir



Eftir

Hafðu samband:
+ 36 70 942 9573

info@fedaszdental.hu
www.tannlaeknathjonusta.is



SUBARU

Confidence in Motion



RAFMAGNIÐ ER KOMIÐ Í SUBARU

ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA!

Ný kynslóð Subaru Forester er nú í fyrsta sinn búin nútíma raftækni sem kallast e-BOXER HYBRID. Í henni sameinast kostir þverliggjandi BOXER-vélar með einstaklega lágan þyngdarpunkt og rafmótors sem á hljóðlátan hátt sparar eldsneyti, eykur afl og minnkar CO₂ útblástur.

NÝR SUBARU FORESTER e-BOXER HYBRID

SUBARU FORESTER PREMIUM e-BOXER HYBRID

Sjálfskiptur, verð: 6.890.000 kr.

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



ENNEMM / SIA / NW98092



GUFUNES OG SÆVARHÖFÐI

GRÆNAR ÞRÓUNARLÓÐIR Í REYKJAVÍK

Tvö uppbyggingarsvæði í Reykjavík eru hluti af alþjóðlegri hugmyndasamkeppni - Reinventing Cities - en það eru grænar þróunarlóðir í Gufunesi og við Sævarhöfða.

Reykjavík er í góðum hópi þátttökuborga frá Singapore til San Francisco. Borgirnar sem taka þátt í samstarfinu og tengjast C40 leggja áherslu á bættu lýðheilsu og sjálfbærni.

KYNNINGARFUNDUR OG VETTvangsferð 2. Mars

Mánudaginn 2. mars kl. 10 verður haldinn kynningarfundur um samkeppnina í Ráðhúsi Reykjavíkur og í framhaldi verða þróunarlóðirnar skoðaðar. Boðið er upp á léttu morgunhressingu frá kl. 9.30. Nauðsynlegt er að skrá þátttöku: reykjavik.is/40

DAGSKRÁ C40 REYKJAVÍK MEET-UP

- **Dagur B. Eggertsson**, borgarstjóri – Opnunarávarp.
- **Costanza De Stefani** frá C40 Cities kynnir Reinventing Cities verkefnið.
- **Halldór Eiríksson**, arkitekt hjá T:ark: Vinningsverkefni síðustu samkeppni – Lifandi landslag.
- **Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir**, framkvæmdastjóri Grænni byggðar: Grænni byggð með C40.
- **Sigurborg Ósk Haraldsdóttir**, formaður skipulags- og samgönguráðs kynnir þróunarsvæðin sem eru hluti af samkeppninni í ár.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni: reykjavik.is/c40



SAMTAL UM SJÁVARÚTVEG

I

Hvernig getum við aukið gagnsæi í sjávarútvegi?



Opinn fundur Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi 26. febrúar um aukið gagnsæi í sjávarútvegi

Fundurinn markar upphafið að fundaröð samtakanna, *Samtal um sjávarútveg*, en markmið fundanna er að leiða saman fólk úr ólíkum áttum til þess að ræða málefni sjávarútvegsins á breiðum grunni. Frummælendur koma víða að og mun hver

þeirra ræða sína sýn á hvernig bæta megi gagnsæi í sjávarútvegi. Í lok fundar verða pallborðsumræður og tekið við spurningum úr sal. Fundarstjóri er Þórlindur Kjartansson. Fundurinn er öllum opinn og verður einnig sendur beint út á netinu.

FRUMMÆLENDUR

FUNDARSTJÓRI – Í PALLBORDI



Þórður Snær Júlíusson
ritstjóri Kjarnans



Birna Einarsdóttir
bankastjóri Íslandsbanka



Valmundur Valmundsson
formaður Sjómanna-
sambands Íslands



Gunnþór Ingvason
framkvæmdastjóri
Síldarvinnslunnar
í Neskaupstað



Þórlindur Kjartansson
pistlahöfundur
á Fréttablaðinu



Heiðrún Lind
Marteinsdóttir
framkvæmdastjóri SFS

- /// Messinn í Sjóminjasafninu á Granda
- /// Húsið er opnað kl. 8:30, fundartími er 09:00–11:00
- /// Morgunverðarhlaðborð – öll velkomin



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi

Samúðin



Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunna@frettabladid.is

Heitarleg verkfallshrina hefur gengið yfir landið undanfarin misseri. Síðasta ár var ár kjaraviðræðna en öldurnar tók að lægja um skamma stund þegar svokallaður Lífskjara-samningur var undirritaður. Lífskjara-samningurinn var sagður marka tímamót á almennum vinnumarkaði en hann snerist í grundvallaratriðum um hækkun lægstu launa.

Árið 2020 byrjaði sannarlega af krafti. Aukin harka færðist í kjarabaráttuna og hátt í tvö þúsund starfsmenn borgarinnar hafa lagt niður störf. Fáir borgarþátttakendur hafa farið varhlaða af verkfallinu enda hefur það mest áhrif á viðkvæmasta og mikilvægasta hóp samfélagsins; börn. Hjúkrunarheimili hafa sömuleiðis farið á hliðina þar sem þjónusta við aldraða og fatlaða hefur verið skert og sorphirða er í ólestri vegna vinnustöðvunar sorphirðumanna. Óhjákvæmilega hafa verkföllin haft áhrif á atvinnulífið og munu áfram gera, því hátt í sextán þúsund manns til viðbótar hafa samþykkt verkfall í næsta mánuði, svo dæmi séu tekin.

Það er ljóst að staðan er grafalvarleg, hvaða hlið sem á er lítið. Þrátt fyrir það virðist verkalýðshreyfingin ætla að ganga eins langt og hægt er við að leggja samfélagið á hliðina og nýjasta útspil hennar var að ögra viðsejendum sínum með því að boða til svokallaðra samúðarverkfalla hjá fimm sveitarfélögum sem þegar hafa náð samningum við sína starfsmenn. Það er hins vegar látið hjá liða að upplýsa um þær kjaraskerðingar sem starfsfólk í samúðarverkfalli tekur á sig meðan á slíku verkfalli stendur, á borð við skerta veikindadaga, sumarfrisdaga og lífeyrisgreiðslur.

Sú alvarlega staða sem nú er uppi er snúnari en krónutöluhækkunir. Það ríkir gríðarlegt ósætti og kjarasamninga þarf að taka til gagnrænnar endurskoðunar, ekki síst með tilliti til ófaglærðra sem nú berjast fyrir sanngjörnum kjörum. Engin sanngirni er fölginn í því að launum starfsmanns með tíu ára reynslu að baki sé haldið niðri með þeim rökum að sá hinn sami hafi ekki fetað menntavegin.

Slík ákvæði hefði átt að setja um leið og stjórnvöld ákvæðu að breyta menntakerfinu þannig að 25 ára og eldri var gert nær ómögulegt að sækja sér menntun. Kjaradeilurnar sem nú eru uppi eru einhverjar þær mestu sem sést hafa hér á landi síðustu ár, jafnvel áratugi. Ábyrgð deiluaðila er mikil og ef ekki verður brugðist við með fullnægjandi úrbótum er hætt við að allt verði keyrt um koll – í það minnsta stefnir allt í það. Verfallstíolið er gríðarlega mikilvægt baráttutæki og launafólk og atvinnurekendur eiga að geta treyst því að til þess verði ekki gripið nema í algjörrí neyð. Staðan virðist hins vegar sú að í stað þess að takast á við vandann ganga áskanir á víxl, frekari verkföllum er hótad og þeir sem dirfast að gagnrýna aðferðir þeirra eru úthrópaðir. Það mun seint teljast vænlegt til árangurs.



Það ríkir gríðarlegt ósætti og kjarasamninga þarf að taka til gagnrænnar endurskoðunar, ekki síst með tilliti til ófaglærðra sem nú berjast fyrir sanngjörnum kjörum.

Gleðilegan öskudag!
Tökum vel á móti syngjandi börnum í dag

PARTYBÚÐIN

Finndu okkur á

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Halldór



Frá degi til dags

Hefnd MDE?

Íslenska ríkið tapaði enn einu sinni í Strassborg í gær. Mannréttindadómstóll Evrópu dæmði ríkið brotlegt gegn ákvæðum mannréttindasáttmálans um réttláta málsmeðferð. Hæstaréttardómarrar sem dæmdu í hinum ýmsu hrunmálum reyndust eiga hlutabréfi hinum fölluðu bönkum. Má því búast við enn fleiri ósigrum þar sem fleiri sambærileg mál biða meðferðar MDE. Nýlega hélt Hæstiréttur upp á aldarafmæli sitt með kaffisamsæti í Þjóðleikhúsinu. Þar voru fluttar nokkrar ræður en ein þeirra vakti sérstaka athygli. Þar var kominn umdeildur danskur lagaprófessor sem fannst samkoman þrýðilegt tækifæri til að gagnrýna MDE harðlega.

F+M

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, má eiga það að hún er kona hinna frumlegu hugmynda. Í útvarpsviðtali í gær lagði hún til að þeir Íslendingar sem komi heim frá svæðum þar sem Covid-19 veiran geisar yrðu sendir í sóttkvi í Egilshöll. Þá ætti að loka landinu á meðan faraldurinn geisar. Nú hljóta Miðflokksmenn að naga sig í handarbökin yfir því að hafa ekki verið fyrri til að hoppa á þennan vagn. Draumurinn um einangrun Íslands er innan seilingar og sameining flokkaanna tveggja rökrétt næsta skref. sighthvatur@frettabladid.is

Það eru verkin sem tala



Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningar- málaraðherra.

Allt frá aldamótum hafa úttektir og skýrslur verið gerðar um starfs- og tæknimenntun í landinu, þar sem niðurstaðan er sú sama. Aðgerða er þörf, til að fjölga fólki á vinnumarkaði með færni sem samfélagið kallar eftir. Allar eru úttektirnar góðar og gagnlegar en duga ekki einar og sér. Verkin verða að tala.

Þörfin á að rækta tiltekna færni í samfélaginu er raunveruleg, því vöntun á henni hefur í för með sér háan samfélagslegan kostnað. Efnahags- og framfarastofnunin (e. OECD) segir þetta ójafnvægi leiða til minni framleiðni, sem á endanum bitnar á lífsgæðum í landinu. Stofnunin bendir líka á leiðir til úrbóta, þar sem menntakerfið gegnir lykilhlutverki.

Stjórnvöld hafa þegar gripið til margvíslegra aðgerða. Við höfum fjárfest ríkulega í framhaldsskólamenntun og gjörbreytt rekstrarforsendum starfsmenntaskólanna, sem hafa nú meiri burði til að fjárfesta í búnaði og tækjum til kennslu. Undirbúningur vegna fyrirhugaðra fjárfestinga í nýju húsnæði er á fleygiferð. Ásókn í starfs- og tækninám hefur þegar aukist, en það er mikilvægt að nýta meðbyrinn og ráðast í aðgerðir sem munu brúa færniabilið á vinnumarkaði. Einnig höfum við stuðlað að aukinni viðurkenningu á störfum kennara og bent á samfélagslegt mikilvægi starfsins, gert áhugasömum auðveldara að sækja sér kennaramenntun og opnað fyrir flæði kennara milli skólástiga.

Margir eru um borð í bátum sem rær á þessi mið; atvinnulífið, stjórnvöld, samtök starfs- og iðngreina, fulltrúar atvinnurekenda og skóla, svo nokkrir séu nefndir. Við höfum sett okkur skýr og sameiginleg markmið; að auka markvisst áhuga á starfs- og tæknimenntun, tryggja að ungt fólk kynnist þeim fjölbreyttu náms- og starfsmöguleikum sem bjóðast og ryðja úr vegi kerfishindrunum. Við ætlum jafnframt að bæta aðgengi fólks með tækni- og starfsmenntun að háskólamenntun.

Hver vegferð hefst með einu skrefi. Við höfum þegar tekið mörg og erum komin á fulla ferð.



Hver vegferð hefst með einu skrefi.

Samnýting verndar umhverfið



Orri Hauksson
forstjóri Simans

Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu, birti áhuga-verða aðsenda grein á Vísí nýlega þar sem hún vitnaði meðal annars til þeirra orða Ellen MacArthur, sem stýrir hugveitu um hringrásar-hagkerfið. Þar segir meðal annars: „Úrgangur og mengun eru ekki slys, heldur afleiðingar ákvarðana okkar.“

Reykjavíkurborg óskaði í haust eftir tillögum frá íbúum og fyrirtækjum um það hvernig borgin geti náð kolefnishlutleysi. Við hjá Simanum svörðuðum kallinu og sendum inn tillögu til stýrihóps borgarinnar í loftslagsmálum. Síminn hefur frá upphafi verið þátttakandi í samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja, um að ná mælanlegum árangri í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í tillögum sérfræðingahóps HR og HÍ til Reykjavíkurborgar kemur fram að orkuskipti ein og sér muni ekki duga til að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins svokallaða í loftslagsmálum.

Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði og stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, er einn höfunda tillagnanna og bendir hún sérstaklega á þetta atriði.

Óparfa losun og rask

Í Reykjavík hefur náðst sá góði árangur að nánast öll heimili og fyrirtæki eru tengd ljósleiðara. Stór hluti húsa á svæðinu er tengdur ljósleiðara frá tveimur fyrirtækjum, Gagnaveitu Reykjavíkur (GR) og Milu.

Ljóst er að í þeim tilvikum liggja mikil verðmæti ónotuð í jörðu því vitað er að ein ljósleiðaraheimtaug dugar til háhraðaflutninga til og frá viðkomandi fasteign um fyrirsjáanlega framtíð.

Virku tækin nýta ljósleiðarann, en hann liggur ónýttur þar til hann er lýstur upp. Þessi búnaður þróast sífellt og nýtir þræðina fyrir sífellt meira gagnamagn.

Eðlisfræðilega eru nær engin efri mörk á burðargetu ljósleiðarans sjálfs, virku tækin á hverjum tíma eru hinn takmarkandi þáttur. GR hefur tengt ljósleiðara að um það bil 30 þúsund fleiri heimilum á SV-horninu en Mila, sem er hluti af Símasamstæðunni.

Tillaga Símans snýst um að Reykjavíkurborg opni fyrir leigu á svokölluðum svörtum ljósleiðara í eigu GR, en með því fyrirkomulagi er hægt að samnýta þessa grunninnviði. Þeir sem þess óska, greiða þá fyrir aðgang að lögn sem þegar er í jörðu, í stað þess að skurðgröfur verði ræstar og óparfa skurðir verði grafnir í kílómetra-vís. Afleiðingin af slíku raski er sú ein, að annaðhvort liggur ný ljósleiðarinn ónotaður í jörð eða sá sem lá þar fyrir.

Stórvirkar vinnuvélar

Óparfar framkvæmdir eru augljóslega soun á fjármagni, en eru einnig einstaklega óumhverfisvænar. Við gróftinn þarf meðal annars að fjarlægja malbik, en við framleiðslu á nýju malbiki myndast losun upp á 39 kíló CO₂ á hvert malbikstonn. Við bætast ótal ferðir flutningabíla, förgun á gamla malbikinu, svifryk við framkvæmdirnar, óparfar umferðartafir og fleira.

Tilgangur umstangsins er sá einn að tengja hús sem eru þegar tengd. Borgaryfirvöldum er reyndar vel kunnugt um áralangan áhuga Símans á því að allir geti keypt aðgang að svörtum ljósleiðara af GR á viðskiptalegum forsendum.

Slík viðskipti munu ekki aðeins færa borgarfyrirtækinu umtalsvert auknar tekjur heldur væri með þeim verið að sýna aukna ábyrgð gagnvart umhverfinu.



Kjarninn er að samnýta þau gæði sem til eru og minnka óþörf umsvif, þar með talið notkun farartækja og vinnuvéla.

Ákvörðun um að menga ekki

Ef tillaga Símans kemst til framkvæmda dregur úr umhverfisáhrifum og losun gróðurhúsalofttegunda. Kjarninn er að samnýta þau gæði sem til eru og minnka óþörf umsvif, þar með talið notkun farartækja og vinnuvéla.

Með því að opna fyrir samnýtingu á fjarskiptainnviðum væri borgin að taka ákvörðun sem stuðlar að verulega minni mengun

sem annars er óhjákvæmileg. Í þessu sambengi má benda á að yfir 100 fjarskiptafyrirtæki keppa um að veita virka þjónustu yfir svart ljósleiðaranet Stokab, gagnaveitufyrirtækisins sem er í eigu Stokkhólmsborgar.

Borgarfyrirtæki Stokkhólms hefur frá stofnun 1994 selt aðgang að svörtum ljósleiðara. Slík samnýting er bæði skynsama og umhverfisvæna leiðin.



vönduð matarstell í brúðargjöf

15% kaupauki til brúðhjóna sem stofna brúðargjafalista

ROSENDAHL
COPENHAGEN

GEORG JENSEN
ESTABLISHED 1914

ROYAL COPENHAGEN
ESTABLISHED 1775

Villeroy & Boch
1748

KÚNÍGÚND

sérverslun með vandaðar gjafavörur

Kringlan · Glerártorg · kunigund.is



Woodward er ekki ýkja vinsæll í Manchester. MYND/GETTY

Nettóskauldur Manchester United jukust

FÓTBOLTI Manchester United kynnti í gær að nettó skuldir félagsins hefðu farið úr 73,6 milljónum punda í 391,3 milljónir á einum ársfjórðungi. Sjónvarpstekjur drögust saman um 39 milljónir punda og heildartekjur félagsins drögust saman um 19,3 prósent eða um 40,2 milljónir punda. Ársfjórðungurinn sem um ræðir nær til 31. desember og eru því kaupin á Bruno Fernandes ekki inni í þessum tölum.

Manchester-liðið er í fimmta sæti deildarinnar sem hugsanlega, mögulega, kannski ætti að gefa sæti í Meistaradeildinni verði grannarnir í Manchester City dæmdir í sitt tveggja ára bann frá þeirri deild.

„Þrátt fyrir að vera orðað við um 111 leikmenn í janúar keyptum við aðeins einn leikmann, Bruno Fernandes, sem er mikilvægur þáttur í því að bæta við liðið. Við viljum reynslumikla og heimsklassa leikmenn til að blómstra við hliðina á okkar uppöldu leikmönnum og við munum taka sama skref í sumar,“ sagði Ed Woodward, framkvæmdarstjóri félagsins.

Auglýsingatekjur halda þó áfram að vaxa og jukust þær um sjö prósent og eru nú 70,6 milljónir. Þá minnkaði launakostnaður um sjö milljónir punda en liðið greiðir um 71 milljón punda í laun. Er það skortur á Meistaradeildarbónusum en liðið spilar nú í Evrópu deildinni.

„Við ætlum okkur að enda vel í deildinni, Evrópu deildinni og í FA-bikarnum nú þegar síðasti þriðjungur er hafinn. Grunnurinn er til staðar til að ná árangri til lengri tíma og við erum að vinna í áætlun og fótbolta hugmyndafræði okkar með Ole,“ bætti Woodward við og átti þar við knattspyrnustjórn Ole Gunnar Solskjær. –bb

Start fær Hörð Inga á reynslu

FÓTBOLTI Hinn eftirsótti Hörður Ingi Gunnarsson, leikmaður ÍA, er þessa dagana til reynslu hjá norska úrvalsdeildarliðinu Start, sem Jóhannes Þór Harðarson stýrir. Hörður Ingi á 28 leiki í efstu deild. Hann mun verða við æfingar hjá Start næstu vikuna.

Hörður er uppallinn FH-ingur og vilja Hafnfirðingar fá guttann aftur í heimahagana en Skagamenn vilja ekki selja. Hefur FH boðið gull og græna skóga fyrir piltinn sem umboðsmaður hans sagði að ætti inni bónusgreiðslur frá Skagamönnum.

Cesare Marchetti, umboðsmaður Harðar, sagði frá samskiptum sínum við Skagamenn og ástæðunni fyrir að hann vildi fara aftur heim í FH í útvarpsþættinum fótbolti.net á X-inu á laugardag. Þar kom fram að foreldrar hans hefðu reynt að miðla málum sem og Hörður sjálfur en ekkert gengið. –bb



Stuðningsmenn á Englandi hafa ekki verið hrifnir af því hvernig VAR hefur verið notað í vetur. Þessir mótmæltu um helgina. MYND/GETTY

OZ hefur hannað nýtt og mun ódýrara VAR-kerfi

Stjórn KSÍ fékk kynningu frá dómarnefnd sambandsins á nýju VAR-kerfi sem er gert af OZ. Fyrirtækið stefnir á að sýna kerfið í næstu viku í Hollandi og fá samþykki FIFA. Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson milliríkjadómari vinnur hjá OZ og vann að hönnun þess. Þar sameinaði hann menntun og áhugamál.


FÓTBOLTI Íslenska fyrirtækið OZ hefur hannað sína útgáfu af VAR-kerfinu og vonast til að fá staðfestingu frá FIFA fljótlega. Kostnaður við kerfið er aðeins brotabrot af því sem nú þekktist. Öll vinna við kerfið fór fram hér á Íslandi.

Hjá OZ vinnur einn besti knattspyrnudómari landsins, Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson, og hefur hann unnið að gerð hins nýja kerfis sem hefur verið í þróun í töluverðan tíma og er spotttið af því að OZ hefur verið að hanna framleiðslu-kerfi fyrir íþróttaviðburði með lægri tilkostnaði. „Við erum að nálgast þetta á nýjan máta.“

Þetta verkefni sameinar námið, áhugamálið, dómgæsluna og íþróttáhuga. Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt og spennandi verkefni,“ segir Vilhjálmur.

KSÍ fékk kynningu á kerfinu

Samþykki FIFA kerfið frá OZ er auðveldara fyrir Knattspyrnusamband Íslands að taka upp VAR hér á landi – sem og fyrir öll önnur knattspyrnusambönd, stór sem smá. Þóroddur Hjaltalín, formaður dómarnefndar KSÍ, kynnti stjórn KSÍ einmitt möguleika hins nýja kerfis á síðasta fundi stjórnar. OZ fer með nýja kerfið til Hollands í næstu viku og vonast eftir samþykki FIFA. „Verði það samþykkt getur hver sem er tekið þetta upp. Við teljum okkur vera með lausn sem er aðgengileg fyrir flest knattspyrnusambönd, stór sem smá. Við erum að þróa þetta þannig að það



Vilhjálmur Alvar við skyldustörf úti í Evrópu. Hann er einn af bestu dómurum landsins. MYND/GETTY

Verði það samþykkt getur hver sem er tekið þetta upp. Við teljum okkur vera með lausn sem er aðgengileg fyrir flest knattspyrnusambönd, stór sem smá.

Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson

þarf ekki jafn mikinn tilkostnað við að koma þessu á laggirnar. Það er í raun hægt að hafa VAR-miðstöðina hvar sem er. Í dag er þetta þannig á Englandi að miðstöðin er í Stockley Park. Þá hafa þeir ljósleiðara inn og fá merki frá öllum völlum inn í þá miðstöð.

Hin leiðin er að hafa þetta í bíl fyrir utan völlinn, eins og verður trúlega hér í umspilsleikjum. Við erum í raun að fá merki frá myndavélunum en notum okkar sérþekk-

ingu til að koma því til skila á skilvirkari máta sem hægt er að gera yfir netið.“ Vilhjálmur hefur verið í námi til að verða myndbandsdómari og segir að það nám hafi hjálpað við að þróa kerfið.

„Við vitum hvað er gott og hvað ekki. Þannig getum við gert okkar búnað eins góðan og hægt er.“

FIFA er með vinnustofu fyrir VAR í Hollandi og þar verður kynnt hvernig fólk sér framtíðina varðandi VAR.“ benediktboas@frettabladid.is

Boðun til aðalfundar Arion banka hf.

Aðalfundur í Arion banka hf., kt. 581008-0150, verður haldinn í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, þann 17. mars 2020, kl. 16.00. Fundurinn fer fram á íslensku, en boðið verður upp á túlkajónustu á ensku.

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans á síðasta fjárhagsári
2. Staðfesting ársreiknings bankans fyrir síðastliðið starfsár
3. Ákvörðun um greiðslu arðs
4. Kosning stjórnar bankans
5. Kosning endurskoðunarfélags
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra
7. Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans
8. Tillaga um heimild stjórnar til að samþykkja kaupréttaráætlun
9. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans
10. Tillaga stjórnar um starfsreglur tilnefningarnefndar
11. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans
12. Tillaga um lækun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum
 - a. Tillagan felur í sér að hlutafé bankans verði lækkað um 84.000.000 kr. að nafnvirði, úr 1.814.000.000 kr. í 1.730.000.000 kr. að nafnvirði.
 - b. Verði tillagan samþykkt felur hún í sér breytingu á ákvæði 4.1. samþykta bankans sem skal eftirleiðis hljóða þannig „Hlutafé bankans er kr. 1.730.000.000 – Einn milljarður sjöhundruð og þrjátíu milljónir króna.“
13. Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum
Verði tillagan samþykkt felur hún í sér að tímabundin heimild til að kaupa allt að 10% af hlutafé bankans í þeim tilgangi að setja upp endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum verði endurnýjuð. Heimildin mun gilda fram að aðalfundi bankans árið 2021 en hafi hann ekki farið fram 15. september 2021 rennur hún út í síðasta lagi þann dag. Framkvæmd endurkaupa er háð fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.
14. Heimild til útgáfu áskriftarréttinda og samsvarandi breyting á samþykktum
Tillagan felur í sér að tekin verði upp ný grein 4.9 í samþykktir félagsins sem heimilar stjórn á grundvelli 46. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög að gefa út áskriftarréttindi að allt að 54.000.000 nýjum hlutum í félaginu og framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun í tengslum við nýtingu réttindanna. Tillagan gerir ráð fyrir að hluthafar afsali sér forgangsrétti til að skrá sig fyrir áskriftarréttindum og nýjum hlutum á grundvelli þeirra.
15. Tillaga um breytingu á samþykktum
Lagt er til að gerð verði breyting á grein 10.10 samþykta bankans þannig að réttur hluthafa til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum hluthafafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um slíkt til félagsstjórnar verði takmarkaður við aðalfundi bankans sbr. 2. mgr. 86. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Verði tillagan samþykkt verður orðið „aðalfundi“ sett inn í stað orðsins „hluthafafundi“ í 1. málslið greinar 10.10.
16. Önnur mál

Upplýsingar til hluthafa

Endanleg dagskrá, fundarboðun, tillögur, ársreikningur fyrir árið 2019 og önnur skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn verður að finna á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm, eigi síðar en 25. febrúar 2020 og verða aðgengileg í höfuðstöðvum bankans frá sama tíma. Ensk þýðing fundargagna verður aðgengileg hluthöfum í höfuðstöðvum bankans sem og á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm. Sé misræmi milli fundargagna á ensku annars vegar og íslensku hins vegar, gildir íslenska útgáfan.

Þeir hluthafar sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, skulu senda skriflega eða rafræna beiðni um slíkt í síðasta lagi tíu sólarhringum fyrir boðaðan aðalfund, eða í síðasta lagi fyrir kl. 16.00 þann 7. mars 2020. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Senda skal slíka kröfu til félagsstjórnar á netfangið hluthafar@arionbanki.is.

Á aðalfundinum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf bankans njóta ekki atkvæðisréttar.

Kosningar á aðalfundinum munu fara fram á rafrænan hátt, með Lumi AGM snjallforritinu eða Lumi AGM veflausninni. Hluthafar eru hvattir til að sækja Lumi AGM snjallforritið á snjalltæki sitt, t.d. farsíma eða spjaltdölvu, áður en fundurinn hefst.

Þeim hluthöfum sem ekki hyggjast mæta á aðalfundinn, gefst einnig kostur á því að greiða atkvæði með rafrænum hætti. Nánari upplýsingar um framkvæmd rafrænnar atkvæðagreiðslu utan aðalfundar er að finna á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm. Sérstök athygli er vakin á því að u.þ.b. fimm virka daga getur tekið að fá sent lykilorð í pósti og er hluthöfum því bent á að sækja um lykilorð tímanlega.

Hluthöfum er heimilt að láta umboðsmann sækja aðalfund og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd. Í slíkum tilvikum skal umboðsmaður leggja fram skriflegt eða rafrænt, dagsett umboð í upphafi fundar. Umboðið gildir einungis til fundarsetu á einum hluthafafundi nema annað sé skýrlega tekið fram í efni umboðsins, en getur þó aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess. Á vefsíðu bankans er að finna form af umboði. Til að greiða fyrir skráningu er unnt að senda umboð á netfangið hluthafar@arionbanki.is fyrir fundinn. Hluthafar og/eða fulltrúar þeirra eru beðnir um að gefa sig fram við starfsmenn fundarins og skrá mætingu sína (óskað er eftir að aðilar hafi gild skilríki meðferðis). Skráning hefst á fundarstað frá kl. 15.30 á fundardegi.

Tilkynning til eigenda SDR heimildarskirteina

Swedish Depository Receipts (SDR) heimildarskirteinis höfum, sem hafa hug á því að mæta á aðalfundinn eða greiða þar atkvæði samkvæmt umboði, skulu vera skráðir í skrá Euroclear Sweden AB („Euroclear“) fyrir kl. 17.00 (CET) þann 12. mars 2020 og framkvæma annað af eftirtöldu:

- I. Tilkynna Skandinaviska Enskilda Banken AB („SEB“) í síðasta lagi 12. mars 2020 þar um, eða
- II. Senda frumrit umboðs til SEB en það þarf að hafa borist SEB eigi síðar en 12. mars 2020.

Frekari upplýsingar um heimildir SDR heimildarskirteinis hafa til að mæta á hluthafafundi og greiða þar atkvæði, eða eftir atvikum veita umboð til þess að greiða atkvæði á fundinum og rétt þeirra til arðgreiðslna er að finna á heimasíðu bankans, www.arionbanki.is/gm, og á vefsíðu Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm.

Tímabundin takmörkun á yfirfærslu SDR heimildarskirteina í hluti

Frá og með lokun markaða 12. mars 2020 til og með 19. mars 2020 verður óheimilt að yfirfæra SDR heimildarskirteini í eða úr hlutum í Arion banka hf.

Allar nánari upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm.



TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1797 Englandsbanki gefur út fyrsta eins punds seðilinn.

1891 Hedda Gabler, hið kunna leikrit Ibsens, frumsýnt í Ósló.

1914 Britannic, systurskipi Titanic, hleypt af stokkunum í skipasmíðastöðinni í Belfast.

1930 Fyrstu umferðarljósinn þar sem notað er grænt og rautt ljós tekin í notkun á Manhattan í New York.



1970 Platan Hey Jude með Bitlunum kemur út.

1983 Thriller, plata Michaels Jackson, nær fyrsta sæti á vinsældalistum vestan hafs og situr þar í 37 vikur.

1993 Bílsprengja springur undir World Trade Center í New York-borg.

2000 Eldgos hefst í Heklu og stendur í um það bil ellefu daga.

2017 Snjódypt í Reykjavík mælist 51 sentimetri og hafði ekki verið meiri jafnfallinn snjór í febrúarmánuði frá upphafi mælinga árið 1921.

Stærðfræðiséní fallið frá

Katherine Johnson er fallin frá. Stærðfræðikunnátta hennar varð hornsteinn margra geimferða NASA.

Stærðfræðingurinn Katherine Johnson lést í vikunni, 101 árs að aldri. Johnson starfaði lengi fyrir NASA þar sem hún reiknaði meðal annars farbrautir fyrir eldflaugaferðir stofnunarinnar.

Johnson fæddist í litlum bæ í Vestur-Virginíufylki í Bandaríkjunum árið 1918 og fékk snemma áhuga á stærðfræði. Hún var afburðanámsmaður og útskrifaðist úr háskóla aðeins 18 ára gömul, en á þeim tíma var svart fólk í Bandaríkjunum að jafnaði látið hætta í skóla í 8. bekk. Eftir að hafa starfað sem kennari og heimavinnandi móðir hóf Johnson störf fyrir forvera NASA, NACA, þar sem hún hafði starfsheitið „tölva“ og vann við að reikna farbrautir fyrir fyrstu eldflaugaferðir þeirra.

Í geimkapphlaupi Bandaríkjanna og Sovétríkjanna unnu Johnson og aðrar svartar samstarfskonur hennar í vinnurýmum sem voru aðskilin frá hvítu samstarfsfólki þeirra. Johnson sagðist alltaf vera of upptekin við vinnuna sína til að geta velt sér upp úr misréttinu sem þær urðu fyrir barðinu á.

Saga Johnson fékk mikla athygli í kvikmyndinni Hidden Figures frá árinu 2016 sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna. Myndin segir frá svörtum konum sem beittu stærðfræðikunnáttu sinni til að koma geimfarinum John Glenn á sporbaug árið 1962. Hæfni Johnson var slík að Glenn neitaði að taka þátt í leið-



Katherine Johnson við störf í Langley, rannsóknarstöð NASA, árið 1966. MYND/GETTY

» Eftir að hafa starfað sem kennari og heimavinnandi móðir hóf Johnson störf fyrir forvera NASA, NACA, þar sem hún hafði starfsheitið „tölva“ og vann við að reikna farbrautir fyrir fyrstu eldflaugaferðirnar.

angrinum nema hún færi yfir tölurnar sem tölvurnar reiknuðu fyrir flugið.

Johnson hafði þá áður reiknað farbrautirnar fyrir Alan Shepard sem var fyrsti Bandaríkjamadurinn í geimnum. Hún tók einnig þátt í að reikna farbrautina fyrir leiðangur Appolló 11 farsins til tunglsins.

arnartomas@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 26. FEBRÚAR 1790

Kristjánsborgarhöll brann í fyrsta sinn

Kristjánsborgarhöll varð íbúðarhæf árið 1740, níu árum eftir að Kaupmannahafnarkastali hafði verið rifinn til að rýma fyrir höllinni. Miklu fé hafði verið varið í byggingu hallarinnar, yfir helmingi árstekna ríkisins, og hafði Kristján VI Danakonungur fylgst grannt með að hún uppfyllti kröfur hans. Höllin var öll hin glæsilegasta, alls sex hæðir, með kapellu og umfangsmiklum reiðvelli í grenndinni.

Þann 26. febrúar 1794 braust út eldur frá skorsteini í herbergi í höllinni sem brann ásamt hallarkirkjunni og húsum í nærliggjandi hverfum. Aðalbústaður dönsku konungsfjölskyldunnar eyðilagðist en einnig glataðist mikið af dýrmætu innbúi og listaverkum.

Árið 1803 hófst uppbygging nýrrar hallar í frönskum keisaraveldisstíl að tilskipan Kristjáns VII. Hægt var að endurnýta stóran hluta veggjanna og múra sem stóðu eldina af sér og var nýja höllin einnig sex hæðir. Þegar byggingu hallarinnar lauk árið 1828 ákvað Friðrik VI hins vegar að hann



hefði ekki áhuga á að búa þar og nýtti höllina einvörðungu til skemmtana-halds. Friðrik VII var eini konungurinn sem bjó í höllinni sem kviknaði aftur í árið 1884. Þá tókst að bjarga stærri hluta hallarinnar, en rústirnar stóðu í um 23 ár vegna stjórn málaátaka.

Þriðja Kristjánsborgarhöllin var byggð á árunum 1907-1928. Höllin var byggð í ný-barokk stíl, úr járnbennti steinsteypu með granitklæðningu. Höllin átti að bæði að hýsa konungsfjölskylduna og löggjafarvaldið. Við

uppbyggingu hallarinnar komu í ljós rústir af köstulunum sem höfðu þar staðið fyrir uppbyggingu fyrstu hallarinnar og var haldin sýning sem var opin almenningi.

Í dag hýsir höllin danska þingið og viðburði á vegum konungsfjölskyldunnar, ásamt því að vera vinsæll ferðamannastaður. Þar er meðal annars hægt að skoða reiðvagn, hesthúsin, kapelluna og ýmsa muni sem bjargað var úr eldsvoðunum tveimur ásamt nýrri listaverkum og skreytingum.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, **Dagbjört Guðmundsdóttir**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 23. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

Guðmundur Unnarsson
Guðfinna Eyjólfsson
Jón Þór Eyjólfsson
Emil Þór Eyjólfsson
Erla Eyjólfsson
Eydis Eyjólfsson
Ómar Þór Eyjólfsson
barnabörn, makar þeirra og barnabarnabörn.

Kristin Sveinsdóttir
Sigurður G. Marteinsson
Kolbrún Ógmundsdóttir
Jónína Valtýsdóttir
Ingi Gunnlaugsson
Stefán G. Einarsson
Þórey S. Þórðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, kærleika og hlýjar kveðjur við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, sonar, bróður og mágs,

Hjálmar Kristins Aðalsteinnssonar

íþróttakennara.

Sérstakar þakkir til þeirra sem önnuðust hann í veikindunum, samkennara hans í Hagaskóla og útskriftarhóps íþróttakennara '82.

Margrét Björnsdóttir

Aðalsteinn Hjálmarsson

Rósa Halldóra Hansdóttir

Kristín Ásta Hjálmarsson

Erik Ensjo

Margrét Sigríður Árnadóttir

Ásta Aðalsteinsdóttir

Aðalsteinn Guðmundsson

Ólafur Aðalsteinnsson

Arna Guðlaug Einarsson

og barnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi, **Bjarni Valgeir Guðmundsson** (Bjarni á Jörfa) bifvélavirki,

lést á Landakoti 19. febrúar. Útför hans fer fram frá Bessastaðakirkju mánudaginn 2. mars klukkan 13.00.

María Birna Sveinsdóttir

Sveinn Bjarnason

Salbjörg Bjarnadóttir

Anna María Bjarnadóttir

Victor R. Víktorsson

Ólafur K. Ólafsson

barnabörn og langafabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir, **Guðný Ragnarsdóttir** Skipalóni 22, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 16. febrúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 2. mars klukkan 13.00.

Ragnheiður Gunnarsdóttir

Sigurður Gunnarsson

Ragnar Þór Gunnarsson

Bjarni Bergþór Eiríksson

ömmu- og langömmubörn.

Jón Guðni Kristinsson

Salóme Eiríksdóttir

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 26. febrúar 2020

8. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI, EFNAHAGSMÁL OG ATVINNULÍF

| | | | | |
|---|---|--|--|-------------------|
|  ROLEX |  TUDOR |  | Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi | |
|  TAGHeuer |  LONGINES | | | MICHELSEN 1909 |
|  NOMOS GLASHÜTTE |  TISSOT | | | |

Leggja Coripharma til 2 milljarða

Um tuttugu nýir íslenskir einka-fjárfestar bættust í hluthafahóp lyfjafyrirtækisins.

2

Lánaskilmálar Isavia gætu brotnað

Óttast er að yfirtaka Isavia á rekstri Egilsstaðaflugvallar hafi veruleg neikvæð áhrif á félagið.

4

Fer af stað með nýja fatalinu

Áslaug Magnúsdóttir, stofnandi Moda Operandi, hefur komið á fót kvenfatalínunni Kötlu. Crowberry Capital leiddi fjármögnunina.

6

Hagræn áhrif kórónaveirunnar

Útbreiðsla kórónaveirunnar veldur titringi á mörkuðum. Hætta á röskun í milliríkjavíðskiptum og verulegum samdrætti í eftirspurn.

8

Afhverju kvóti er eignfærður

„Ég sem útgerðarmaður hef aldrei sagt að útgerðin eigi fiskinn í sjónum,“ segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims.

18

WOULD
YOU LIKE
A RECEIPT?

Hafa pakkað saman og selt


Þeir erlendu sjóðir sem hafa verið fyrirferðarmestir á hlutabréfamarkaði hafa minnkað verulega við sig. Óhagstæð gengisþróun hlutabréfa og krónunnar þýðir að fjárfestingar þeirra hafa í mörgum tilfellum skilað tapi. 10

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímabantanir í síma 511 5800

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



Vill heimila fyrirtækjum að leita beint til dómstóla

Skilyrði samkeppnislaga um að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála þurfi að liggja fyrir áður en höfða megi málför til ógildingar á ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins verður felld brott samkvæmt frumvarpi Þórdísar Kolbrúnar Reykafjörð Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, til breytinga á samkeppnislögum sem ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær.

Ekki er lagt til í frumvarpinu að málskotsheimild Samkeppniseftirlitsins, það er heimild eftirlitsins til þess að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla, verði afnumin, eins og gert var ráð fyrir í drögum að frumvarpinu sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda síðasta haust.

Aðrar veigamiklar breytingar á samkeppnislögum sem lagðar voru til í drögnum haldast hins vegar óbreyttar í frumvarpinu sem ríkisstjórnin hefur nú samþykkt. Má þar meðal annars nefna að áfram er gert ráð fyrir að heimild Samkeppniseftirlitsins til íhlutunar án brots verði felld brott, auk þess sem komið er á sjálfsmati fyrirtækja á því hvort skilyrði fyrir undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga séu uppfyllt, líkt og tíðkast í framkvæmd annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Þá er einnig lagt til í frumvarpinu að forstjóri Samkeppniseftirlitsins verði skipaður tímabundið til fimm ára í senn og að aðeins verði heimilt að skipa sama manninn tvisvar í embætti.



Þórdís Kolbrún Reykafjörð Gylfadóttir, ráðherra.

Enn fremur er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að veltumörk tilkynningarskyldra samruna verði hækkuð í þrjá milljarða króna heildarveltu samrunaaðila og að ársvelta að minnsta kosti tveggja samrunaaðila verði 300 milljónir króna eða meiri. Veltumörkin hafa ekki verið hækkuð í tólf ár.

Hvað varðar fyrri áform ráðherrans um afnám málskotsheimildar Samkeppniseftirlitsins er tekið fram í greinargerðinni að í ljósi athugasemda sem fram hafi komið í samráði um áformin, meðal annars um að slíkt fyrirkomulag kunni að brjóta gegn skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum, hafi verið ákveðið að hverfa frá þeim.

Þess í stað er lagt til að skilyrði um að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála þurfi að liggja fyrir áður en málför er höfðad fyrir dómstólum falli brott.

„Með þeirri breytingu verður aðila máls frjálst að meta það með tilliti til þeirra hagsmuna sem hann kann að hafa af málinu hvort ákvörðun Samkeppniseftirlitsins verði kærð til áfrýjunarnefndar samkeppnismála eða hvort leitað verði beint til dómstóla.“

Með því að fækka endurskodunarstigum í áfrýjunarferli ákvæðna Samkeppniseftirlitsins er möguleiki á að málsmeðferð þeirra mála þar sem leitað er beint til dómstóla verði styttri,“ segir meðal annars í greinargerðinni sem fylgir frumvarpinu. – kji

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

RAF MÓTORAR



SCANVER 588 80 40
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



Bjarni K. Þorvarðarson, forstjóri og einn af stærstu eigendum lyfjafyrirtækisins Coripharma. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Coripharma sækir sér tvo milljarða í hlutafé

Lyfjafyrirtækið Coripharma hefur sótt sér tvo milljarða í nýtt hlutafé. Nýir fjárfestar bættust í hluthafahópinn. Fjármögnunin verður nýtt til að kosta þróun á samheitalyfjum. Stefna að 2,8 milljarða fjármögnun til viðbótar.

Lyfjafyrirtækið Coripharma, sem var stofnað árið 2018 til þess að kaupa og reka lyfjaverksmiðju Actavis í Hafnarfirði, hefur lokið hlutafjárútgáfu upp á samanlagt fimmtán milljónir evra, jafnvirði ríflega tveggja milljarða króna. Fjármögnunin verður nýtt til þess að standa straum af kostnaði við þróun á eigin samheitalyfjum á næstu árum, að sögn Bjarna K. Þorvarðarsonar, forstjóra og eins af stærstu eigendum Coripharmas.

„Við erum með í pípunum að þróa þrettán samheitalyf sem stefnt er á að verði komin á markað innan þriggja ára,“ segir Bjarni í samtali við Markaðurinn.

Fyrri hluthafar Coripharmas komu með um þriðjung fjármagnsins en aðrir fjárfestar, tuttugu talsins, tryggðu sér tvo þriðju hluta af nýja hlutafénu. Er þar einkum um innlenda einkafjárfesta að ræða, að sögn Bjarna. Fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hafði umsýsju með hlutafjárútgáfunni.

Miðað við gengið í hlutafjárútgáfunni er heildarvirði Coripharmas liðlega fimm milljarðar króna.

„Við höfum hlutafjárútgáfu í nóvember og settum okkur metnaðarfull markmið um að klára hana í febrúar,“ útskýrir Bjarni. Það hafi gengið vonum framfar.

„Þó svo að maður hafi auðvitað tröllatrú á verkefninu var áhuginn jafnvel meiri en við þorðum að vona. Flestir fjárfestar hér á Íslandi

1,8 milljarðar króna eru áætlaðar tekjur Coripharmas í ár.

þekkja þá vegferð sem við erum á og fylgdust vel með forvera okkar, Actavis, og uppgangi þess fyrirtækis. Leiðin sem við erum að fara til þróunar og framleiðslu samheitalyfja er vel vörðuð. Fjárfestum liður þannig vel með þá stöðutöku sem verið er að taka og skilja áhættuna vel. Það skiptir miklu máli þegar farið er út í fjárfestingar sem þessar,“ nefnir hann.

Coripharma hóf undirbúning að verktökuframleiðslu á lyfjum fyrir alþjóðleg lyfjafyrirtæki með kaupum á verksmiðju Actavis af lyfjafyrirtæki Teva um mitt ár 2018. Við kaup þess á lyfjapróun Actavis í maí í fyrra eignaðist Coripharma allar þróunar- og framleiðslueiningar Actavis á Íslandi og starfa þar nú um 110 manns. Áætlanir gera ráð fyrir að tekjur félagsins verði um þrettán milljónir evra í ár.

Um er að ræða aðra hlutafjárútgáfu lyfjafyrirtækisins en hlutafé þess var aukið um tíu milljónir evra við kaupin á lyfjapróunarsviði Actavis í fyrra.

Síðar á þessu ári, útskýrir Bjarni, hyggst félagið sækja sér um tuttugu milljónir evra til viðbótar. Er

þá meðal annars horft til stofnanafjárfesta.

„Viðskiptamódel okkar kallar á slíka fjármögnun á næstu tveimur til þremur árum. Við þurfum ekkert að huga að henni strax en það er nú líklegt að við viljum samt sem áður klára þá fjármögnun og verða fullfjármögnuð fyrir árslok. Það er afar mikilvægt þegar lyf eru boðin til sölu á stórum og þróuðum mörkuðum eins og í Evrópu að félagið geti sýnt fram á að það sé vel fjármögnuð og í raun fullfjármögnuð,“ segir hann.

Bjarni nefnir auk þess að ein af ástæðum þess að félagið hafi ekki leitað til lífeyrissjóða eða annarra stofnanafjárfesta í meiri rólögheitum um stærri upphæðir,“ segir Bjarni.

„Fjárfestar eins og lífeyrissjóðir þurfa að fylgja ferlum og tímaáætlunum sem eru lengri en hentuðu okkur. Þannig að við ákváðum að ræða nú við einkafjárfesta um þessar fimmtán milljónir evra og getum þá rætt við lífeyrissjóði og aðra stofnanafjárfesta í meiri rólögheitum um stærri upphæðir,“ segir Bjarni.

Stærstu hluthafar Coripharmas eru framtakssjóðurinn TFII, sem er í stýringu Íslenskra verðbréfa, félagið BKP Invest, sem er í jafnri eigu Bjarna og Kenneths Peterson, stofnanda Norduráls, tryggingafélagið VÍS og Eignarhaldsfélagið Hof í eigu bræðranna Sigurðar Gísla og Jóns Pálmasona.

kristinningi@frettabladid.is

Hættur við framboð í stjórn Skeljungs

Höskuldur Ólafsson, fyrrverandi bankastjóri Arion banka, hefur hætt við framboð sitt í stjórn Skeljungs á aðalfundi 5. mars næstkomandi, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Höskuldur var í hópi átta manns sem gáfu kost á sér í stjórnina. Hann var hins vegar ekki á meðal þeirra fimm frambjóðenda sem tilnefningarnefnd félagsins lagði til að yrðu kjörnir í stjórnina.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafði Höskuldur gengið vilyrði fyrir stuðningi frá Gildi lífeyrissjóði, næststærsta hluthafa félagsins með 9,2 prósentu eignarhlut, en sjóðurinn hafði þannig áformað að leggja fram tillögu fyrir





Höskuldur Ólafsson, fyrrverandi bankastjóri Arion banka.

aðalfund um margfeldiskosningu. Ekkert verður hins vegar af því eftir að Höskuldur ákvað í gær að draga framboð sitt til baka.

Tilnefningarnefnd Skeljungs leggur til að þrjú núverandi stjórnarmenn – þau Birna Ósk Einarsdóttir, Jón Asgeir Jóhannsson og Þórarinn Arnar Sævarsson – verði endurkjörin. Hinir stjórnarmennirnir tveir – Ata Maria Bærentsen og

Jens Meinhard Rasmussen stjórnarformaður – gefa ekki kost á sér til endurkjörs. Þá mælir nefndin með þeim Dagnýju Halldórsdóttur, fyrrverandi stjórnarmanni í Skiptum, Mílu og ISB Holding, og Elinu Jónsdóttur, stjórnarformanni Borgunar.

Auk Gildis eru stærstu hluthafar Skeljungs hjónin Ingibjörg Pálmadóttir og Jón Asgeir, en þau eiga samanlagt yfir ellefu prósent hlut í gegnum félagið 365 og framvirka samninga, og félög tengd Sigurði Bollasyni fjárfesti en hann fer með yfir átta prósent hlut. Þá eiga viðskiptafélagarnir Gunnar Sverrir Harðarson og Þórarinn Örn, eigendur fasteignasöluvarn RE/MAX, einnig um átta prósent hlut. – hæ



HAFNARTORG REYKJAVÍK

Hafnartorg er blönduð byggð af nýjum skrifstofum, íbúðum og verslunum. Glæsilegar skrifstofur eru til leigu frá 120 til 1.500 fermetra. Í húsinu verður boðið uppá þjónustu við leigjendur s.s. móttökuritari og aðgang að sameiginlegum fundarherbergjum og skrifstofum. Einn stærsti bílakjallari landsins er undir Hafnartorgi og að Hörpu. Hafnartorg verður iðandi af mannlífi og menningu og kærkomin viðbót við stækkandi miðbæ Reykjavíkur.


Nýjar sérhannaðar skrifstofur í miðbæ Reykjavíkur

Heildarstærð er um 6.900 fm

Útleigurými frá 120 fm

Bílastæði eru neðanjarðar og tengist Hörpunni

Afhending hafin



URÐARHVARF 8 KÓPAVOGUR

Urðarhvarf 8 er nýtt húsnæði og hagkvæmur kostur fyrir leigjendur. Húsið er glerjað að miklu leyti og því nýtur sín vel stórbrotið útsýni yfir Reykjavík, í átt að Esjunni, yfir Elliðavatn og til Bláfjalla. Samnýting á mótuneyti, hjólageymslum, fundarherbergjum, móttöku og annarri fjölbreyttri þjónustu verður í boði fyrir leigjendur húsnæðisins.

Rými sérhönnuð fyrir skrifstofur eða heilbrigðisstarfssemi

Heildarstærð er um 16.500 fm

Útleigurými frá 220 fm

Næg bílastæði á lóð og í bílakjallara

Frábært útsýni yfir Esjuna og Elliðaárdalinn

Afhending hafin



REYKJASTRÆTI
FASTEIGNAFÉLAG

REYKJASTRAETI.IS | S: 571-4990

Fasteignasafn Reykjastrætis telur um 33 þúsund fermetra í nokkrum nýbyggingarverkefnum sem eru tilbúin eða verða tilbúin á árinu 2020. Reykjastræti er systurfélag ÞG verktaka. Félagið leitar eftir farsælu langtíma viðskiptasambandi við sína leigjendur og stendur félagið fyrir gæði og áreiðanleika í viðskiptum.

Hætta á að lánaskilmálar Isavia brotni

Óttast er að yfirtaka Isavia á rekstri Egilsstaðaflugvallar hafi veruleg neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækisins og leiði mögulega til þess að lánaskilmálar þess brotni. Stjórnarmaður Isavia segir engin úrræði liggja fyrir um hvernig bregðast eigi við slíkri stöðu.

Hörður Egiðsson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Yfirtaka Isavia á rekstri, viðhaldi og uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar er talin geta haft neikvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins sem nemur hátt í 500 milljónum króna á ári. Óttast er að án annarra fjármögnunarleiða verði yfirtakan til þess að lánaskilmálar Isavia brotni með þeim afleiðingum að möguleikar fyrirtækisins til frekari uppbyggingar, svo sem á Keflavíkurflugvelli, verði útilokaðir.

Stjórn Isavia og ríkið skrifuðu nýverið undir samkomulag um sameiginlegan skilning um yfirtöku Isavia á rekstri, viðhaldi og uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar frá og með 1. janúar 2020. Isavia tekur þannig yfir og fjármagnar þá þjónustu sem ríkisfyrirtækið veitir á flugvöllinum og lækka frá sama tíma greiðslur ríkisins til fyrirtækisins samkvæmt þjónustusamningi um 450 milljónir króna á þessu ári.

Í staðinn hyggst ríkið nýta þá fjármuni sem losna úr þjónustusamningnum til þess að auka fjárhagsstuðning við innanlandsflugvelli landsins.

Meirihluti stjórnar Isavia gerði á fundi sínum þann 31. janúar síðastliðinn athugasemdir við drög að viljayfirlýsingu sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hafði samið fyrir hönd ríkisins um yfirtökuna, eftir því sem fram kemur í fundargerð stjórnarinnar sem Markaðurinn hefur fengið afhenta á grundvelli upplýsingalaga.

Meirihlutinn taldi meðal annars mikilvægt að fjármála- og efnahagsráðherra skrifaði undir umrætt skjal, sem réttara væri að kalla „sameiginlegan skilning“, enda væri um að ræða „verulegt frávik“ frá eigendastefnu ríkisins. Fallist var á þær athugasemdir og náðist samkomulag um sameiginlegan skilning um yfirtökuna fyrir í mánuðinum, eins og áður sagði.

Á stjórnarfundum Isavia þann 8. janúar voru viðráðar áhyggjur hluta stjórnarinnar af þeim fjárhagslegu byrðum sem yfirtakan gæti lagt á fyrirtækið en í bókun Nönnu Margrétar Gunnlaugsdóttur, stjórnarmanns og varaþingmanns Miðflokksins, var meðal annars tekið fram að engin úrræði lögju fyrir um hvernig bregðast ætti við neikvæðum áhrifum yfirtökunnar á rekstur og efnahag fyrirtækisins.

Stjórnin hefði enga heimild til þess að undirrita samkomulag sem fæli í sér ráðstöfun sem ynni gegn hagsmunum félagsins.

Hætta á skilmálabrotum

Í bréfi sem fjármála- og efnahagsráðuneytið skrifaði stjórn Isavia og var lagt fram á áður nefndum stjórnarfundum í byrjun ársins var vísað til fyrri samskipta sem Isavia og ráðuneytið höfðu átt um yfirtökuna á rekstri Egilsstaðaflugvallar. Í þeim samskiptum kom fram, samkvæmt því sem sagði í bréfi ráðuneytisins, að yfirtakan myndi hafa neikvæð áhrif á rekstur Isavia til lengri tíma nema til kæmu nýjar fjármögnunarleiðir til þess að mæta einhverjum hluta kostnaðar vegna yfirtökunnar.

„Án annarra fjármögnunarleiða og að öðrum forsendum óbreyttum er hætta á að félagið muni brjóta kvæðir lánasamninga um hlutfall nettó skulda af EBITDA og því er mikilvægt að horft sé til þess að fundnar verði nýjar fjármögn-



Stjórn Isavia og ríkið skrifuðu nýverið undir samkomulag um sameiginlegan skilning um yfirtöku fyrirtækisins á rekstri, viðhaldi og uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar. Á sama tíma lækka greiðslur ríkisins til Isavia samkvæmt þjónustusamningi um 450 milljónir á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Engin úrræði“ um hvernig bregðast eigi við

Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir, stjórnarmaður í Isavia og varaþingmaður Miðflokksins, viðraði áhyggjur sínar af fjárhagslegum áhrifum yfirtöku fyrirtækisins á rekstri Egilsstaðaflugvallar í bókun á stjórnarfundum í byrjun ársins.

Hún sagði liggja fyrir að yfirtakan hefði neikvæð áhrif á rekstur og efnahag Isavia. Jafnframt væri ljóst að hún fæli í sér að ákvæði í lánasamningum fyrirtækisins gætu brostið sem leitt gæti til gjaldfellingar tiltekinnna lánasamninga.

„Engin úrræði liggja fyrir um hvernig bregðast á við þeirri stöðu,“ sagði í bókun Nönnu Margrétar. Stjórnin hefði enga heimild til þess að undirrita samkomulag sem fæli í sér ráðstöfun sem ynni gegn hagsmunum fyrirtækisins en fyrir fundinum

lágu drög að viljayfirlýsingu frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um yfirtöku á rekstri Egilsstaðaflugvallar.

Eðlilegt væri, að mati Nönnu Margrétar, að stjórnvöld og Isavia ynnu að gerð samkomulags um yfirtökuna. Slíkt samkomulag tæki þá á öllum þáttum málsins og meðal annars því hvernig Isavia gæti yfirtekið umræddan rekstur án þess að það kæmi niður á fjárhagslegum styrk þess en stuðlaði fremur að viðgangi þess og langtíma-árangri.

„Það er í sjálfu sér marklaust að Isavia sem félag staðfesti vilja eigandans til að gera ráðstafanir sem varða eignir hans sjálfs, enda getur það aldrei verið vilji félagsins sem slíks að gera ráðstafanir sem veikja félagið,“ sagði Nanna Margrét.

en hins vegar var horfið frá þeim hugmyndum á síðari stigum vegna andstöðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Er nú aðeins gert ráð fyrir því að Isavia taki yfir rekstur Egilsstaðaflugvallar.

Hamlar frekari uppbyggingu
Yfirtaka Isavia á rekstri og viðhaldi Egilsstaðaflugvallar, auk 500 milljóna króna árlegrar arðgreiðslu, myndi gera það að verkum að skuldsæting fyrirtækisins, mæld á móti rekstrarhagnaði fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA), hækkaði úr 3,9 sinnum EBITDA í 5,4 sinnum EBITDA árið 2022, samkvæmt sviðsmyndagreiningu Isavia sem lögð var fram á stjórnarfundum fyrirtækisins í nóvember í fyrra og Markaðurinn hefur fengið afhenta.

Í greiningunni segir að efumrætt skuldahlutfall fari yfir 5 séu mögu-

Sviðsmynd Isavia um nettó skuldir sem hlutfall af EBITDA

| | 2019* | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|-------|------|------|------|------|
| Óbreytt fjármögnun | 3,9 | 4 | 4,2 | 4,6 | 4,5 |
| Rekstur og viðhald Egilsstaðaflugvallar** | 3,9 | 4,5 | 4,9 | 5,4 | 5,4 |

*Leiðrétt fyrir niðurfærslu á kröfu vegna WOW air **Fært undir Isavia auk 500 milljóna arðgreiðslu



Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir, stjórnarmaður í Isavia.

Án annarra fjármögnunarleiða og að öðrum forsendum óbreyttum er hætta á að félagið muni brjóta kvæðir lánasamninga um hlutfall nettó skulda af EBITDA.

Úr bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins til stjórnar Isavia

leikar Isavia til frekari uppbyggingar útilokaðir. Ef sú verði raunin þurfi að draga verulega úr framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli sem hafi þær afleiðingar að flug- tengingum fækki sem hafi aftur bein neikvæð áhrif á hagvöxt.

Þó skal tekið fram að ekki hefur náðst samkomulag á milli Isavia og fjármála- og efnahagsráðuneytisins um arðgreiðslu af hálfu fyrirtækisins eins og gert er ráð fyrir í sviðsmyndagreiningunni.

Áhyggjur af afleiðingunum

Rætt hefur verið um mögulega yfirtöku Isavia á rekstri stærstu innanlandsflugvalla landsins um nokkurt skeið. Þannig lagði starfshópur sem Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skipaði til þess skoða núverandi skipulag innanlandsflugs til í skýrslu sinni frá því í desember árið 2018 að Isavia yrði falin fjárhagsleg ábyrgð á rekstri, viðhaldi og uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar, Akureyrarflugvallar og Egilsstaðaflugvallar. Með þeim hætti gætu flugvöllirnir notið góðs af fjárhagslegum styrk Isavia sem hefði þekkingu og trú á rekstri þeirra.

Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia, sagði í samtali við Fréttablaðið síðasta haust að fyrirtækið hefði áhyggjur af afleiðingum þess ef það tæki við innanlandsflugvöllum Reykjavíkur, Akureyrar og Egilsstaða.

„Ef stjórn Isavia á að bera fjárhagslega ábyrgð,“ sagði hann, „á þá ekki stjórnin að hafa rými til að draga úr þjónustu ef kostnaðurinn er að fara fram úr hófi? Það er þó ekki Isavia að taka þessa ákvörðun en við höfum lagt mikla áherslu á að upplýsa um áhrifin af henni.“

Ef af þessu yrði þá hefði það bein áhrif á möguleika félagsins til áframhaldandi uppbyggingar á Keflavíkurflugvelli. Það hefði á endanum bein áhrif á fjölda flug- tenginga til og frá flugvöllinum og þar með neikvæð áhrif á hagvöxt á Íslandi.“

Stórsýningin Verk og vit



2020 Íslenskur byggingariðnaður,
mannvirkjagerð og skipulagsmál

Laugardalshöll 12.-15. mars



Stórsýningin Verk og vit verður haldin í fimmta sinn dagana 12.-15. mars 2020 í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal. Verk og vit er frábær vettvangur til að kynna sér allt það nýjasta í byggingariðnaði, mannvirkjagerð og skipulagsmálum ásamt því að kynna sér spennandi vörur og þjónustu.

Hlökkum til að sjá þig á Verk og vit 2020! - Sjón er sögu ríkari

OPNUNARTÍMI FAGADILAR DAGPASSAR

| | | |
|-------------------|-----------|-----------|
| Fimmtud. 12. mars | kl. 17-21 | |
| Föstud. 13. mars | kl. 11-19 | |
| Laugard. 14. mars | kl. 11-17 | kl. 11-17 |
| Sunnud. 15. mars | kl. 12-17 | kl. 12-17 |

Verð aðgöngumiða kr. 3.500 kr. 1.750
Aðgöngumiði fagaðila gildir alla sýningardagana
Miðasala á verkogvit.is, tix.is og við innganginn

Sýning • ráðstefna • viðburðir
verkogvit.is

SAMSTARFSADILAR



ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



BYKO



Áslaug fer af stað með nýja fatalínu

Áslaug Magnúsdóttir, stofnandi Moda Operandi, hefur komið á fót kvenfatalínunni Kötlu. Áhersla lögð á sjálfbærni og velferð á öllum stigum virðisæðjunnar. Sjóðurinn Crowberry Capital leiddi fyrstu fjármögnunarumferð. Moda metið á meira en 84 milljarða króna.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Fyrirverandi forstjóri og einn af stofnendum tiskuvöruvefsíðunnar Moda Operandi, Áslaug Magnúsdóttir, hefur komið á fót kvenfatalínunni Kötlu sem hefur sjálfbærni að leiðarljósi. Íslenski fjárfestingasjóðurinn Crowberry Capital leiddi fyrstu fjármögnunarumferðina.

„Hugmyndin á bak við Kötlu grundvallast á því að byggja upp merki sem hefur eins jákvæð áhrif og hægt er á umhverfi, fólk og dýr. Þrátt fyrir að fjölmargar konur láti sig þessi mál varða hefur tiskuheimurinn ekki boðið upp á marga valkosti,“ segir Áslaug í samtali við Markaðinn.


Áslaug hefur unnið í tiskubrönsanum í meira en fimmtán ár og 2010 stofnaði hún Moda Operandi sem sérhæfir sig í netsölu á hönnun frægustu tiskuhönnuða heims. Áslaug var jafnframt forstjóri fyrirtækisins fram til 2013 en þá hætti hún afskiptum af rekstrinum. Moda Operandi hefur vaxið ört frá stofnun og í hlutfjárukauningu félagsins árið 2017 var fyrirtækið verðmetið á 650 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 84 milljarða króna. Ætla má að verðmiðinn hafi hækkað töluvert síðan þá en Moda gekk frá 100 milljóna dollara hlutfjárukauningu fyrir um mánuði.

Netverslun Kötlu fór í loftið í lok janúar eftir að gengið hafði verið frá fjármögnun. Áslaug segir að markaðssetning fyrirtækisins muni meðal annars snúast um að halda viðburði með konum þar sem hönnunin er sýnd og rætt er um sjálfbærni í tiskubrönsanum.

„Það eru margir sem gera sér ekki grein fyrir því hversu mikil áhrif tiskubrönsinn hefur á umhverfið. Þetta er annar mest vatnsmengandi iðnaður heims og hann er sekur um tíu prósent af heildarlosun kolefnis. Síðan eru mörg vandamál sem til dæmis tengjast vinnuástandum fólks í framleiðslunni,“ segir Áslaug.

Katla gerir skýrar kröfur um velferð dýra og verkafólks í framleiðsluferlinu. Ekki er notast við leður, feld eða silki. Lögð er áhersla á umhverfisvæn og lifræn fataefni, og gerviefnin sem notuð eru hafa verið endurunnin. Þannig selur Katla leikfimisbuxur sem eru búin til úr fiskinetum úr sjó.

„Við erum síðan með sérstaka



Áslaug hefur unnið í tiskubrönsanum í meira en fimmtán ár og átt góðu gengi að fagna. LJÓSMYND/KATLA

Byggir lúxushótel nálægt Höfn

Áslaug er ein af þeim sem stendur að baki fimm milljarða króna uppbyggingu á lúxushótel í Svínahólum í Lónssveit sem er í um 20 mínútna akstursfjarlægð frá Höfn í Hornafirði. Þetta er fyrsta fjárfestingarverkefni Áslaugar á Íslandi en á meðal annarra fjárfesta sem koma að verkefninu eru Sean Parker, stofnandi skráadeilingarforrísins Napster og fyrirverandi stjórnarformaður Facebook, og eiginkona hans Alexandra Lenas. Hótelkeðjan Six Senses Resorts Spas mun sjá um rekstur lúxushótelsins.

Um er að ræða umfangsmikla framkvæmd sem nær yfir 20 þúsund fermetra. Byggt verða 70 herbergi sem ýmist verða í aðalbyggingu eða sérstöku smáhýsum og gert er ráð fyrir að hótelið geti hýst 203 gesti. Til viðbótar verða byggt 20 einbýlishús sem verða seld en eigendur geta fengið hótelið til að leigja húsin út á meðan þau eru ekki í notkun. Þá er áformuð 1.500 fermetra heilsulind með gufuböðum og heitum og köldum pottum.

endurvinnslustefnu sem snýst um að þegar þú hættir að nota flíkina geturðu skilað henni til okkar, við greiðum sendingarkostnaðinn og þú færð afslátt af næstu kaupum sem samsvarar 20 prósentum af verðinu sem þú borgaðir fyrir flíkina sem þú endursendir. Flíkin er síðan annaðhvort endurseld eða endurunnin eftir því hvernig ástandi hún er í,“ segir Áslaug. Þá er hver einasta flík með einstakt númer sem hægt er að slá inn á síðuna til að fá upplýsingar um framleiðanda, efnið og vottanir.

„Með því viljum við varpa ljósi á þá framleiðendur sem eru að gera jákvæða hluti út frá umhverfissjónarmiðum,“ segir Áslaug og bætir við að sjálfbærni snúist einnig um að

Það eru margir sem gera sér ekki grein fyrir því hversu mikil áhrif tiskubrönsinn hefur á umhverfið.

Áslaug Magnúsdóttir, stofnandi Kötlu

lágmarka offramleiðslu og sóun. „Eitt af vandamálunum sem ein-kennir tiskubrönsann er að það er mun meiri framleiðsla en eftirspurn sem má rekja til þess hvernig fót eru seld. Verslanir eiga það til að panta of mikið af fötum frá fatamerkjum sem aftur eiga það til að framleiða of mikið af fötum,“ segir Áslaug. „Við vildum komast hjá þessu með því að vera með það sem kallast á ensku on-demand manufacturing sem þýðir að við látum framleiða fötin í takt við pantanir. Við getum beðið eftir að viðskiptavinurinn panti og þá fyrst látið framleiða vöruna sem tekur ekki nema tvo til þrjú daga.“

Ætluðu aldrei í fatabrönsann

Fjárfestingasjóðurinn Crowberry Capital, sem hefur verið starfandi frá 2017, leiddi fyrstu fjármögnunarumferðina. Ásamt íslenska sjóðnum eru nokkrir bandarískir fjárfestar, þar á meðal Craig Cogut, stofnandi og forstjóri sjóðastýringarfyrirtækisins Pegasus Capital Advisors, sem er með einn og hálfan milljarð Bandaríkjadala í stýringu. Helga Valfells, einn af stofnendum Crowberry Capital, segir að gengið hafi verið frá fjárfestingu í Kötlu rétt fyrir áramót.

„Við ætluðum aldrei að fjárfesta í fatabrönsanum vegna þess að hann er mjög erfiður og það hefur farið illa fyrir mörgum íslenskum fyrirtækjum og fjárfestum á þessu sviði. En það var þrennt sem kveikti áhuga okkar á að fjárfesta í Kötlu. Í fyrsta lagi hrifumst við af þessari umhverfisvænu nálgun sem breytir virðisæðjunnari í fatabrönsanum,“ segir Helga.

„Í öðru lagi eru framleiðsluáferðirnar þannig að fyrirtækið þarf ekki að vera með lager. Það getur verið erfiðt að stjórna og fjármagna stóran lager. Og í þriðja lagi er Áslaug einn af þeim íslensku frumkvöðum sem hafa náð hvað lengst á alþjóðlegum vettvangi. Hún hefur gríðarlega reynslu af því að sameina tækni og tisku,“ bætir hún við.

Kaupir út minni hluthafa

Arctic Adventures, stærsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins á sviði afþreyingar, hefur keypt hluti sex hluthafa í Raufarhóli, félagi sem býður upp á skipulagðar ferðir um Raufarhólshelli í Leitarhrauni í Ölfusi. Í kjölfar kaupanna fer ferðaþjónustufyrirtækið með ríflega 90 prósent hlut í Raufarhóli.

Arctic Adventures festi sem kunnugt er kaup á hlutum framtakssjóðsins Icelandic Tourism Fund, sem er í rekstri Landsbréfa, í fimm ferðaþjónustufyrirtækjum í lok síðasta árs og þar á meðal 37 prósent hlut sjóðsins í Raufarhóli.

Í kjölfarið bætti ferðaþjónusturinn við sig 54 prósent hlut í Raufarhóli með því að kaupa út sex hluthafa í félaginu. Samkeppnisefnir-litið lagði blessun sína yfir kaupin í liðinni viku en á meðal seljenda eru viðskiptafélagarnir Skúli Gunnar Sígússon, sem er oftast kenndur

60

Þúsund manns heimsóttu Raufarhólshelli á síðasta ári.

við Subway, og Guðmundur Hjaltason og Hallgrímur Kristinsson en sá síðastnefndi hefur starfað sem framkvæmdastjóri Raufarhóls.

Allir hluthafar Raufarhóls seldu Arctic Adventures hlut sinn að undanskildum Kynnisferðum en rútufyrirtækið fer áfram með 9,6 prósent hlut í félaginu.

Fram kemur í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að gestir Raufarhólshellis hafi verið um það bil 60 þúsund á síðasta ári. Raufarhóll hagnaðist um 43 milljónir árið 2018 og námu rekstrartekjur félagsins nærri 270 milljónum á árinu. – kij

Krefur Dalabyggð um skaðabætur

Félag í eigu Þórhalls Arnar Hinrikssonar, stjórnarformanns ALM verðbréfa, sem hefur á síðustu árum reynt að kaupa eignir Dalabyggðar á Laugum í Sælingsdal, hefur höfðað mál á hendur sveitarfélaginu til heimtu skaðabóta. Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Vesturlands í næsta mánuði.

Málshöfðun félagsins, Arnarlóns, byggir á því að það hafi orðið fyrir tjóni vegna meintra vanefnda og riftunar af hálfu Dalabyggðar á samþykktu tilboði félagsins í viðkomandi eignir, eftir því sem heimildir Markaðarins herma.

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti í lok árs 2017 tilboð Arnarlóns í eignirnar upp á samanlagt 460 milljónir króna en hugmyndir félagsins gengu meðal annars út á að efla rekstur hótels á svæðinu.

Ílla gekk hins vegar að ljúka viðskiptunum og fór það svo að sveitarstjórnin sleit viðræðum við Arnarlón



Hótel á vegum Hótel Eddu hefur verið rekið á Laugum. FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

í apríl árið 2018 en hún sætti sig ekki við hvernig hluta fjármögnunar kaupanna væri hátt. Salan olli líka ólgu innan sveitarfélagsins en sem dæmi skrifuðu yfir tvö hundruð íbúar undir ályktun þar sem seljendaláni til félagsins var mótmælt.

Tilraunir Arnarlóns til að miðla málum, svo sem með breyttu tilboði, báru ekki árangur og voru eignirnar

aftur settar á sölu upp úr miðju ári 2018. Er þær enn óseldar.

Í fyrra krafðist lögmaður Arnarlóns þess að Dalabyggð greiddi félaginu um 13,6 milljóna króna skaðabætur, auk virðisaukaskatts, vegna beins tjóns sem félagið taldi að leitt hefði af meintum vanefndum sveitarfélagsins. Var þeirri kröfu hafnað af sveitarstjórninni. – kij

Loksins færðu stuðning
í vinnunni

sedus
Knoll

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is



Quarterback frá Sedus

með færanlegri setu
og mjóbaksstuðningi.

Epalverð:

71.500.-



Chadwick frá Knoll

sameinar falleg form
og hámarkspægindi

Epalverð:

89.800.-



HÖNNUÐUR: DON CHADWICK

Mikil óvissa um hagrænu áhrifin

Útbreiðsla COVID-19 kórónaveirunnar hefur valdið titringi á mörkuðum um allan heim. Mikil óvissa ríkir um hagrænu áhrifin. Hætta á röskun á milliríkjavíðskiptum og verulegum samdrætti í eftirspurn. Ferðaþjónusta og lúxusvörumerki orðið fyrir miklu höggi.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Erlendir hlutabréfmarkaðir hafa haldið áfram að lækka vegna útbreiðslu COVID-19 kórónaveirunnar. Mikil óvissa ríkir um áframhaldandi útbreiðslu veirunnar og efnahagslegu áhrifin sem heimsfaraldur gæti haft í för með sér.

Bandaríska vísitalan S&P 500 hafði lækkað um 1,3 prósent um miðjan gærdaginn eftir 3,4 prósentu lækku um fyrradag. Stoxx Europe 600 lækkaði um 1,8 prósent í gær og hefur því lækkað um 5,5 prósent frá byrjun vikunnar.

Smit af völdum kórónaveirunnar á heimsvísu eru nú orðin fleiri en 80 þúsund talsins og dauðsföllin um 2.700. Flest smit og dauðsföll hafa verið tilkynnt í Kína en tilfellingur hefur fjölgað ört í Íran, Ítalíu og Suður-Kóreu. Þá voru fyrstu smitin í Austurríki og Króatíu tilkynnt í gær.

Christina Lagarde, seðlabankastjóri Evrópu, sagði í vikunni að kórónaveiran bætti við „nýju lagi af óvissu“ sem myndi leggja þungt á evrusvæði.

Yfirvöld á Ítalíu greindu í gær frá því að sjö hefðu látist af völdum veirunnar og 283 hefðu smitast. Financial Times greinir frá því að hætt sé við frekari samdrætti í ítalska hagkerfinu sem dróst saman um 0,3 prósent á síðasta fjórðungi ársins 2019.

„Skellurinn á fyrsta fjórðungi í Kína vegna kórónaveirunnar mun líklega ýta undir frekari veikleika í hinu framleiðslunæma hagkerfi Ítalíu,“ segir Nadia Gharbi, yfirhagfræðingur hjá Pictet Wealth Management, í samtali við Financial Times. Flest smit hafa verið greind í héruðunum Lombardíu og Veneto sem standa undir þriðjungi af framleiðslu hagkerfisins. Í Milanóborg, sem er fjármálamiðstöð landsins, hefur skólam og skrifstofum verið lokað, og mörg fyrirtæki hafa hvatt starfsmenn til að vera heima hjá sér.

Keðjuverkandi áhrif

„Þar sem Kína er miðpunkturinn í mörgum framboðskeðjum mun faraldurinn hafa keðjuverkandi áhrif um allan heim,“ segir Neil Shearing, yfirhagfræðingur Capital Economics, í samtali við Financial Times. Til að mynda hefur ítalski bílaframleiðandinn Fiat Chrysler varað við því að framleiðsla í einni verksmiðju fyrirtækisins geti stöðvast á næstunni og kaup Kínverja á kopar frá löndum á borð við Síle



Yfirvöld á Ítalíu greindu í gær frá því að sjö hefðu látist af völdum veirunnar og 283 hefðu smitast. MYND/GETTY

Faraldursbréfin lækka í verði

Verð sérstakra skuldabréfa sem voru hönnuð til að hjálpa þróunarlöndum að glíma við alvarlega sjúkdómsfaraldra hefur hriðlækkað í takt við minnkandi líkur á fullum heimum.

Skuldabréfin voru gefin út af Alþjóðabankanum árið 2017 og nema alls 320 milljónum dala. Skuldabréfaeigendur fá vaxtagreiðslur þangað til ákveðin skilyrði eru uppfyllt. Ef til þess kemur verða skuldabréfin ekki greidd upp heldur fer fjármagnið til sjúkdómshrjáðra landa.

Í áhættumeiri flokknum er greitt út þegar faraldurinn fer yfir landamæri og dauðsföll í seinna landinu eru fleiri en 20. Þá þurfa tólf vikur að hafa liðið

og Nígíeríu hafa dregist verulega saman.

Viðmælendur bandaríska viðskiptaritsins segja að tímabundinn samdráttur í vöruvíðskiptum verði smáræði í samanburði við samdráttinn í eftirspurn sem raungerist ef

frá því að faraldurinn hófst en sá áfangi verður 23. mars. Verð þessara bréfa er nú um 57 prósent af nafnvirði samkvæmt frétt Financial Times.

„Markaðurinn telur að það séu töluverðar líkur á því að skuldabréfin tapi hluta af nafnvirði sínu,“ segir David Strasse hjá Plenum Investments sem fjárfesti í áhættuminni flokknum.

„Skilyrðin eru of ströng og sýna að þetta er gagnslaust tól,“ segir Bodo Ellmers, framkvæmdastjóri hjá Global Policy Forum. „Maður vill koma í veg fyrir heimsfaraldur en það er einungis greitt út þegar þetta er orðið að heimsfaraldri. Það er grundvallargalli,“ bætir hann við.

fólk ákveður að halda að sér höndum og biða faraldurinn af sér. Smásala og ferðaþjónusta hefur nú þegar orðið fyrir miklu höggi í Kína og takmarkanir á ferðalögum Kínverja eru áhyggjuefni fyrir ferðaþjónustu og lúxusvörumerki um allan heim.

Stjórnendur lúxusvörumerkja búast við því að faraldurinn muni valda allt að 11 prósentu samdrætti í tekjum á þessu ári.

Framleiðendur lúxusvara horfa fram á 5 þúsund milljarða króna samdrátt í tekjum af völdum veirunnar samkvæmt nýrri könnun bandarísku ráðgjafarstofunnar Alliance Bernstein and Boston Consulting Group. Stjórnendur framleiðslufyrirtækjanna búast við því að faraldurinn muni valda allt að 11 prósentu samdrætti.

„Sala í Kína er í lamasessi og skortur á kínverskum ferðamönnum er að draga úr sölu í Asíu og Evrópu,“ sagði ráðgjafarstofan en kínverskir kaupendur standa undir rúmlega þriðjungi af tekjum lúxusvörumerkja. Vísitala MSCI fyrir lúxusmerki sýnir 12 prósentu lækku frá því um miðjan janúar.

Robert Bergquist, yfirhagfræðingur hjá Nordic Bank SEB, segir

að faraldurinn muni líklega koma niður á heimshagvexti. „Í samanburði við aðrar tegundir af áhættu og krísum sem hafa komið upp á undanförunum árum hefur kórónaveiran bein hagræn áhrif,“ segir hann.

SARS ekki gott viðmið

Financial Times rifjar upp að árið 2003 hafi SARS-veiran dregið hagvöxt Kína niður um eitt prósentu-stig. Áhrifin utan Kína hafi aftur á móti verið hverfandi.


Erik Nielsen, yfirhagfræðingur UniCredit, bendir á að árið 2003 hafi kínverska hagkerfið staðið undir 4,3 prósentum af heimsframleiðslunni en Alþjóðagjaldveyrissjóðurinn áætlað að hlutfallið verði 16,9 prósent á þessu ári. Auk þess hafi kínverska hagkerfið vaxið um 10 prósent á ári um það leyti en í dag er vöxturinn nær 6 prósentum. „Við hættem á að vera of kærulaus ef við notum SARS sem viðmið,“ segir Nielsen.

„Ef farsóttarfræðingar eru óvissir um hvernig atburðarásin verður skaltu vera tortrygginn í garð hagfræðinga sem þykjast vita betur,“ segir aðurnefndur Neil Shearing.

Fjártæknifélagið Revolut metið á meira en 700 milljarða króna

Breska fjártæknifyrirtækið Revolut hefur lokið við hlutfjárukningu upp á 500 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 64 milljarða króna. Fyrirtækið er nú metið á 5,5 milljarða Bandaríkjadala, eða sem nemur 709 milljörðum króna. Verðmatið þrefaldaðist frá síðustu hlutfjárukningu árið 2018 og stendur Revolut nú jafnfætis hinu sænska Klarna sem verðmætasta fjártæknifyrirtæki Evrópu.

Nikolay Storonsky, forstjóri Revolut, sagði við tilefnið að fjárfestingin sýndi fram á trú fjárfesta á viðskiptalíkaninu. Revolut býður upp á ýmiss konar bankaþjónustu, þar á meðal bankareikninga og fyrirframgreidd debetkort. Fjártæknifyrirtækið fékk bankaleyfi í



Verðmat Revolut þrefaldaðist frá síðustu hlutfjárukningu 2018.

Litháen í lok árs 2018 og hefur smám saman fært viðskiptavinum sína, sem alls eru tíu milljónir, inn í fulla bankaþjónustu frá byrjun þessa árs. Sem stendur eru flestir reikningar viðskiptavina í vörslu þriðja aðila og ekki tryggðir af innstæðutryggingasjóði.

„Horft fram á veginn munum við leggja áherslu á að koma á fót bankastarfsemi í Evrópu, fjölga þeim sem nota þjónustu Revolut daglega og stefna á arðsemi,“ sagði Storonsky. Þá áformar Revolut að hefja lánveitingar til að hvetja viðskiptavinum til að færa öll sín viðskipti yfir.

Bretland er orðið mjög samkeppnishæft þegar kemur að fjártækni í bankaþjónustu. Við-

skiptavinum hjá slíkum fjártækni-fyrirtækjum fjölgaði úr 7,7 í 19,6 milljónir á árinu 2019 samkvæmt úttekt Accenture. Áskorunin sem þau standa frammi fyrir er hins vegar notkun viðskiptavina. Meðalstaða á reikningum viðskiptavina lækkaði á seinni helmingi síðasta árs úr 350 pundum niður í 260.

Bresk stjórnvöld gáfu út yfirlýsingu þar sem hlutfjárukning Revolut er sögð sýna grósku í fjártæknigeiranum. „Það er ljóst að breski fjártæknigeirinn heldur áfram að dafna og nú þegar við erum ganga úr Evrópusambandinu er tilkynning Revolut skýrt merki um að Bretland sé staður fyrir fjártæknifyrirtæki,“ sagði í yfirlýsingu. – þff



Nýr Mercedes-Benz GLC.

Drægi allt að 50 km á hreinu rafmagni.

GLC er nú enn glæsilegri að utan sem innan og fæst nú sem tengiltvinn með bensínvél og rafmótor sem saman skila 320 hestöflum. Hann er búinn hinu einstaka 4MATIC fjórhjóladrifi sem alltaf er í fullri virkni hvort sem ekið er á rafmagni eða eldsneyti. Einnig býr hann yfir raddstýrða MBUX margmiðlunarkerfi sem gerir aksturinn enn þægilegri.

Komdu og kynntu þér nýja GLC. Við hlökkum til að sjá þig.

GLC 300 e 4MATIC **EQ** POWER

Verð 7.990.000 kr.

Mercedes-Benz

The best or nothing.





Erlendir fjárfestar áttu hlutabréf í Kauphöllinni fyrir liðlega 253 milljarða króna í lok síðasta mánaðar. Er það um fimmtungur af heildarmarkaðsvirði skráðra fyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinni@frettabladid.is



Erlendu fjárfestarnir tekið á sig tvöfalt högg

Þeir erlendu fjárfestar sem hafa verið fyrirferðarmestir á hlutabréfamarkaði hafa minnkað verulega við sig. Óhagstæð gengisþróun hlutabréfa og krónunnar þýðir að fjárfestingar þeirra hafa í mörgum tilfellum skilað tapi. Forstjóri Kauphallarinnar segir brýnt að gera umhverfið alþjóðlegra og staðlaðra.

Erlent eignarhald sennilega hvergi jafn lítið í vestrænum ríkjum

Bein hlutabréfaeign erlendra fjárfesta í skráðum félögum hér á landi nam riflega 253 milljörðum króna eða um fimmtungi af heildarmarkaðsvirði fyrirtækja í Kauphöllinni í lok síðasta mánaðar, samkvæmt upplýsingum frá Kauphöllinni. Á það bæði við um eignarhluti erlendra fjárfesta í eigin nafni og í gegnum safnreikninga. Hlutfallið er meira en tvöfalt hærra á Norðurlöndunum.

Kjartan Smári segir að sennilega sé erlent eignarhald hvergi jafn lítið á Vesturlöndunum og á hér-

lendum hlutabréfamarkaði.

„Sem dæmi eiga erlendir fjárfestar yfir fimmtíu prósent af markaðinum í Danmörku og er hlutfallið á svipuðum slóðum annars staðar í Skandinavíu og Evrópu. Að öllu eðlilegu mun hlutfallið hér því hækka með tíð og tíma en til þess að þróunin geti orðið með eðlilegum hætti þarf nauðsynlega að grípa til aðgerða í því skyni að auðvelda erlendum fjárfestum að eiga viðskipti hér á landi,“ nefnir hann.

bankanum og yfirvöldum, til þess að gera umbætur,“ segir hann.

Sjódir á vegum Eaton Vance Management, Lansdowne Part-

ners, Miton Group og Wellington Management eiga nú hlutabréf í íslenskum félögum að virði samlagt um 30,6 milljarðar króna, sam-

kvæmt athugun Markaðarins sem byggist á yfirlitum yfir fjárfestingar nokkurra sjóðanna, flöggunartilkyningum og listum yfir tuttugu

Við erum almennt séð ekki að gera erlendum fjárfestum auðvelt að fjárfesta hér á landi.

Kjartan Smári Höskuldsson, framkvæmdastjóri Íslands-sjóða



stærstu hluthafa skráðra félaga, en til samanburðar má ætla að samantöld hlutabréfaeign þeirra hafi numið nærri 42 milljörðum króna í lok árs 2018.

Séu stærstu félögin í Kauphöllinni, Arion banki og Marel sem eru jafnframt skráð í erlendar kauphallir, undanskilin eiga sjódir umræddra fjögurra fjárfesta nú íslensk hlutabréf fyrir um alls 17,1 milljarð króna borið saman við tæplega 31 milljarð króna í lok árs 2018.

Þess má þó geta að bandaríska sjóðastýringarfélagið Wellington seldi síðustu hlutabréf sín hér á landi, nánar tiltekið í Eimskip, Festi og Origo, á síðari hluta ársins 2019.

Þeir erlendu fjárfestingarsjódir sem hafa verið hvað umsvifamestir á íslenskum hlutabréfamarkaði síðustu ár hafa á undanförunum vikum og mánuðum ýmist minnkað við sig eða selt sig alfarið út úr nær öllum félögum sem þeir fjárfestu í hér á landi. Hlutabréfafjárfestingar þeirra hafa að meginstefnu til skilað lítilli sem engri ávöxtun eða tapi og kemur þar til bæði óhagstæð verðþróun hlutabréfa og gengisþróun krónunnar.

„Þeir hafa almennt tapað á fjárfestingum sínum, tekið á sig tvöfalt högg ef svo má segja, en þó eru auðvitað einhverjar undantekningar á því,“ segir Kjartan Smári Höskuldsson, framkvæmdastjóri Íslands-sjóða.

Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segist þrátt fyrir umræddar sölur finna fyrir auknum áhuga af hálfu erlendra fjárfesta. Þó þurfi nauðsynlega að losa um ákveðna tappa í því skyni að auka aðgangi slíkra fjárfesta að hlutabréfamarkaðinum.

„Ég tel að það sé vilji, ekki bara hjá okkur heldur líka hjá Seðla-

FRÖKKUM

MIDVIKUDAGUR 26. FEBRÚAR 2020

Heimili



Jóhann Ingi Reynisson er matreiðslumeistari og flutti til Noregs árið 2009 til að vinna á ráðstefnuhótelum í Molde. Í framhaldi af því hóf hann að vinna með frönskum matreiðslumönnum og kenna þeim á ýmsar íslenskar og norskar matreiðslu hefðir eins og að reykja lax og vinna með skyr. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kennir Frökkum norræna matargerð

Matreiðslumeistarinn og Keflvíkingurinn Jóhann Ingi Reynisson er sendiherra klúbbs matreiðslumeistara Frakklands í Skandinavíu og hefur stykt tengslin á milli íslenskra og franskra matreiðslumanna. ➔2

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



Fylgstu með!

Framhald af forsiðu →

Oddur Freyr Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is



Matseldin er Jóhanni Inga Reynissyni í blóð borin, en afi hans, pabbi og bróðir eru allir matreiðslumenn. Jóhann er fæddur og uppalinn í Keflavík og starfar sem matreiðslumeistari á Max veitingastað á Northern Light Inn í Grindavík, en Jóhann er líka sendiherra klúbbs matreiðslumeistara Frakklands í Skandinavíu og hefur unnið mikilvægt starf til að efla tengsl franskra og skandinavískrar matargerðar.

„Ég lærði fyrst að vera smiður, en svo kom verkefnaskortur í smiðnum árið 2002 svo ég fór að læra kokkinn,“ segir Jóhann. „Það lá beint við eftir að hafa alist upp við matreiðslu, valið stóð alltaf á milli þess að verða smiður eða kokkur.“

Jóhann hefur því 18 ára reynslu sem matreiðslumaður, en hann tók auka ár af námi og fékk titilinn matreiðslumeistari.

„Eftir sveinspróf þarf maður að vinna í þrjú ár sem matreiðslumaður áður en maður getur fengið meistarapróf,“ segir Jóhann. „Þar lærir maður aðallega hvernig á að kenna matreiðslunum og reka veitingastað og eftir það getur maður haft nema hjá sér.“

Sendiherra matreiðslumeistaraklúbbs í Skandinavíu

„Árið 2009 flutti ég til Noregs og fór að vinna á ráðstefnuhótel í Molde sem heitir Scandic Seilet. Þar vann ég í sjö ár, en upphaflega var planið að vera bara í tvö ár í Noregi,“ segir Jóhann. „Þar byrjaði ég að vinna með frönskum matreiðslumönnum.“

Það komu um tuttugu nemendur frá kokkaskóla í París til Noregs á hverju ári og þeim var dreift um hótelið. Ég tók á móti fjórum nemum á hótelið í sex vikur í einu, tveimur þjónum og tveimur kokkum,“ segir Jóhann. „Svo fór ég tvisvar á ári í kokkaskólann og var með sýnikennslu þar á skandinavískri matargerð. Ég kenndi íslenskar og norskar matreiðslu hefðir, eins og að reykja lax og búa til lakkris og vann líka mikið með skyr.“

Frönskum matreiðslumönnum fannst mjög áhugavert hvað matreiðslunámið á Íslandi er stift, en það er fjögur ár og það tekur fjóra daga að fá sveinsbréfið, en þar eru namar látnir sýna klassíska franska matreiðslu sem þekkist varla lengur, ekki einu sinni í Frakklandi,“ segir Jóhann. „Þeim fannst þetta mjög heillandi.“

Árið 2014 var ég svo tekinn inn í



Jóhann og fjölskylda hans búa í rólegu hverfi í Keflavík þar sem er stutt í allt. Jóhann og Hjördís, kona hans, ólust bæði upp í hverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

klúbb matreiðslumeistara í Frakklandi, Académie Nationale de Cuisine, og gerður að sendiherra hans í Skandinavíu vegna vinnu minnar með kokkaskólunum í París,“ segir Jóhann. „Það þýðir að ef ég er með þemu, sýnikennslu eða eitthvað annað er ég með medalíu frá klúbbum á mér og er fulltrúi hans.“

Opnar dyr fyrir íslenska matreiðslumenn

„Ég komst meðal annars í samstarf við fólk frá kampavínsskólunum Lycée Viticole de la Champagne í Avize í Frakklandi og hef starfað með honum síðan árið 2012. Ég hef farið mikið til þeirra og kynnst vingerðarferlinu og árið 2016 tók ég við tíu nemum frá skólunum og dreifði þeim á fjögur hótél í Reykjavík,“ segir Jóhann. „Sama ár fór kennarinn sem ég vann alltaf með hjá skólunum á eftirlaun og síðan þá höfum við unnið með fleiri frönskum skólum í samstarfi við Erasmus og verið að byggja upp tengsl milli þeirra og Noregs og Íslands.“

Ég tók þannig á móti tveimur nemum frá öðrum skóla síðasta

„Við erum núna komin með nokkra bistro og Michelin staði í París og nágrenni hennar sem nemendur geta farið til. Þetta opnar dyr fyrir íslenska matreiðslumenn.“

Jóhann Ingi Reynisson

september og í haust koma fjórir namar frá tveimur öðrum skólum,“ segir Jóhann. „Við erum að vinna markvisst að því með Erasmus að hjálpa skólum úti að geta sent nemendur í verklegt nám á Norðurlöndum og að opna veginn fyrir nemendur í Menntaskólunum í Kópavogi svo þeir geti farið á veitingastaði í Frakklandi. Við erum núna komin með nokkra bistro og Michelin staði í París og nágrenni hennar sem nemendur geta farið til.“

Þetta opnar dyr fyrir íslenska matreiðslumenn. Við lærum líka franska matreiðslu með skandinavísku, „tvísti“ hér, svo það er ekkert skemmtilegra en að fara til móðurlandsins Frakklands og læra um þeirra hefðir og hráefni,“ segir Jóhann. „Frakkland er algjör draumur fyrir matreiðslumenn. Þar er góður matur, gott vín og gott veður og endalaust úrval af alls kyns hráefni sem við höfum ekki hér.“

Kampavín ekki eingöngu fyrir fimmtugsafmæli

Kampavínsskólinn Lycée Viticole de la Champagne hefur framleitt Sanger gæðakampavín frá árinu 1952. Skólinn tekur þátt í viðburði á Max veitingastað á Northern Light Inn í apríl, en þá verður boðið upp á kampavínsmatseðil sem áhugasamir geta fræðst um á maxveitingastadur.is.

„Við höfum sett saman fimm rétta kvöldverðarseðil sem er paraður með fimm tegundum af Sanger kampavínunum, meðal annars sætu kampavíni sem verður með eftirréttnum og er ekki enn til sölu. Hugmyndin er að kynna



Jóhann var tekinn inn í klúbb matreiðslumeistara í Frakklandi, Académie Nationale de Cuisine, og gerður að sendiherra í Skandinavíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

skólann og kampavínið sem hann hefur upp á að bjóða, en vínið er hefðbundið og framleitt eftir ákveðnum gömlum reglum,“ segir Jóhann. „Þrúgunnar eru geymdar í tönkum í 1-2 ár áður en bruggað er úr þeim og í skólunum er verið að leika sér með margar gerðir af þrúgum, því hann hefur aðgang að öllum þrúgum í Champagne-héraði. Nemendur fara í gegnum allt þetta ferli og þurfa til að mynda að snúa flöskunum hálfan hring á dag í tæp tvö ár á meðan gerjunin á sér stað.“

Við ætlum að kynna Íslendingum að kampavín sé meira en bara eitthvað sem maður drekkur til að halda upp á fimmtugsafmæli,“ segir Jóhann. „Það er oft notað með svipuðum réttum og hvítvín, en við Norðurlandabúar höldum að það sé bara til að fagna einhverjum áfanga, líklega af því að gott kampavín er ekki ódýrt.“

Lognið fer mishratt yfir

Jóhann er fæddur og uppalinn í Keflavík og kom aftur þangað eftir búsetuna í Noregi.

„Ég er hérna í Sunny Kef þar sem er alltaf logn, en það fer reyndar mishratt yfir,“ segir Jóhann í gríni. „Ég bý hér með konunni minni til 17 ára, Hjördísi Emilsdóttur, og börnunum okkar, Aþenu Ósk sem er 16 ára og Aroni Inga sem er 9 ára. Við erum öll mjög ánægð hér.“

Við fluttum heim frá Noregi árið

2015 því fjölskylda og vinatengsl drógu mann heim. Við keyptum okkur svo hús fyrir þremur árum í hverfinu sem við ólust bæði upp í,“ segir Jóhann. „Þetta er Holtaskólahverfið, sem er rólegt og miðsvæðis, og hér er stutt í skóla, alla þjónustu og fjölskylduna.“

Þegar ég er ekki að matreiða eða sinna fjölskyldunni reyni ég svo að eyða tímanum í líkamsrækt og körfubolta. Karfan er áhugamál númer eitt, enda kem ég úr Mekka körfuboltans,“ segir Jóhann. „Svo er ég að smíða inn á milli, maður þarf að viðhalda sér.“

Northern Light Inn hentar heimamönnum líka

Jóhann segir að hótelið sem hann vinnur á, Northern Light Inn, hafi tekið breytingum upp á síðkastið og sé ekki lengur bara fyrir ferðamenn.

„Max veitingastaður hefur verið þarna síðan 1989 en nú er verið að gera markvissar breytingar til að bæta veitingaþjónustuna. Við erum meðal annars að þrefalda morgunverðarhlaðborðið og setja upp nýja vél sem gerir okkur kleift að bjóða upp á dýrari vín í glösum í stað þess að selja bara heilar flöskur,“ segir hann. „Svo erum við líka komin með spa og tvo flottanka sem hver sem er getur pantað tíma í. Þannig að heimamenn geta líka notið þess að koma í heimsókn.“

HÖNNUN, GÆÐI & GLÆSILEIKI

ÍTALSKAR FLÍSAR



ALFABORG
- allt á gólfíð -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



SENDIBÍLL ÁRSINS

SIXT
langtímaleiga



Verð á Opel Combo* án vsk. frá:
63.900 kr. á mán.
Verð með vsk. 79.236 kr. á mánuði.

Petta flytur sig ekki sjálf!

(Atvinnubílar á langtímaleigu koma hreyfingu á hlutina)



Innifalið í langtímaleigu:

- Tryggingar og gjöld
- Dekk og dekkjaskipti
- Þjónustuskoðanir
- Hefðbundið viðhald

Sixt langtímaleiga einfaldar reksturinn

Kynntu þér kosti langtímaleigu á sixtlangtímaleiga.is eða hafðu samband við viðskiptastjóra
Sixt í síma 540 2222 eða á vidskiptastjori@sixt.is

*Verð miðast við 36 mánaða leigu og 1.500 km. akstur á mánuði.

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Aukahlutir í bíla



Demparar
- Styrkur
- Ending

Fyrir:

- Fólksbíla
- Jeppa
- Vörubíla
- Flutningabíla
- Rútur



Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000. www.aflvelar.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

PÍPULAGNIR

Faglærðir piparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Ræstingar

FYRIRTÆKJARÆSTINGAR.

Við sérhæfum okkur í ræstingum á fyrirtækjum, þar sem áhersla er lögð á fagleg og vönduð vinnubrögð. Ódýr og góð þjónusta.

FMJ Þrif ehf.

Uppl. í síma 780 7020 eða
raesting2010@yahoo.com

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



Fyrir íslenskar aðstæður



- Álklæddir trégluggar
- Trégluggar

Sjá nánar:
www.viking.ee



Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000. www.aflvelar.is

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gullas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

GARÐATORG 4C

Glæsileg útsýnisíbúð í miðbæ Garðabæjar. Tvennar svalir.

Eignin verður til sýnis í dag, miðvikudag, frá kl. 17.15 – 17.45

OPIÐ HÚS



Virkilega falleg 126,5 fm. útsýnisíbúð á 4. hæð, efstu, með tvennum rúmgóðum svölum, einstöku útsýni og sér bílastæði í bílakjallara í nýlegu fjölbýlishúsi með lyftu. Svalir til suðurs eru 17,1 fm. að stærð með þaki yfir og útsýni að Reykjanesinu. Svalir til norðurs eru 6,8 fm. að stærð og með einstöku útsýni að Esjunni og yfir borgina.

Eignin skiptist í forstofu, sjónvarpsstofu, gestasnyrtingu, þvottaherbergi, eldhús, stóra stofu, barnaherbergi, hjónaherbergi og baðherbergi. Sér geymsla í kjallara og sér bílastæði í bílageymslu.

Húsið að utan er klætt með áli og með ál/tré gluggum og því viðhaldslítið. Verð 79,5 millj.



Sveitarfélagið ÁRBORG

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Heildar endurskoðun aðalskipulags Árborgar.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur samþykkt að kynnt verði skipulags- og matslýsing fyrir heildarendurskoðun aðalskipulags Árborgar í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og matslýsingin er kynnt fyrir íbúum Sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Tilgangur með gerð skipulags- og matslýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa bæjarstjórn og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Í lýsingunni er meðal annars sagt frá aðdraganda og tilgangi skipulagsgerðarinnar, áherslum bæjarstjórnar við gerð skipulagsins, helstu viðfangsefnum og meginmarkmiðum skipulagstillögunnar.

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum endurskoðunar aðalskipulagsins og komandi skipulagsvinnu.

Lýsing mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi og í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2, Selfossi á skrifstofutíma frá kl. 8-15. Skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri á sama stað og á netfangið bardur@arborg.is fyrir **16. mars 2020**. Einnig er hægt að kynna sér lýsinguna á heimasíðu Sveitarfélagsins <http://www.arborg.is>.

Virðingarfyllst,
Bárður Guðmundsson
skipulags- og byggingarfulltrúi

Hólasandslína

Framkvæmdaleyfi vegna lagningu ídráttarröra yfir Eyjaarðará

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur þann 21. janúar 2020 samþykkt útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir lagningu 170 m langra ídráttarröra fyrir tvö 220 kV jarðstrengjasett í og undir vestustu kvísl Eyjaarðará.

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030. Breyting á aðalskipulagi tók gildi með auglýsingu sem birtist í b-deild Stjórnartíðinda 3. janúar 2020.


Framkvæmdaleyfið, ásamt framlögðum gögnum, er aðgengilegt á heimasíðu Akureyrar: www.akureyri.is neðst á forsíðu undir auglýsingar. Bæjarstjórn Akureyrar hefur kynnt sér álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og veitir framkvæmdaleyfi með skilyrðum sem tilgreind eru í útgefnum leyfisgögnum.

Vakin er athygli á því að niðurstaða bæjarstjórnar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

26. febrúar 2020, Sviðsstjóri skipulagssviðs

Geislagata 9 Sími 460 1000 www.akureyri.is akureyri@akureyri.is



Akureyrarbær
Skipulagssvið

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Capacent_

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Búa sig undir innreið keppinauta

Nettó náði markmiði sínu um að tífalda veltu netverslunarinnar á innan við þremur árum. Er að ná stærðarhagkvæmni sem þarf til að hún verði arðbær. Framkvæmdastjórinn býst við að stórir keppinautar í smásölu komin inn á markaðinn á þessu ári.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Nettó hefur náð markmiði sínu um að tífalda veltu í netverslun sinni á innan við þremur árum. Netverslunin er að ná þeirri stærðarhagkvæmni sem þarf til að hún verði arðbær og fyrirtækið býr sig undir að samkeppnin harðni á þessu ári. Þetta segir Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa sem reka Nettó.

„Við höfum séð stöðugan vöxt frá því að við settum netverslunina í loftið og janúar var stærsti mánuðurinn frá upphafi. Hins vegar höfum við visvitandi reynt að stjórna vextinum til þess að passa upp á gæðin og forðast of mörg mistök. Allir sem hafa verslað á netinu vita að það þarf ekki mikið til að fæla viðskiptavinum frá kaupum og þá er erfitt að ná þeim til baka. Okkur hefur tekist þetta og nú förum við að stíga á bensingjöfina,“ segir Gunnar Egill í samtali við Markaðinn.

Netverslun Nettó fór í loftið haustið 2017 í samstarf við Aha, sem þróaði tæknina og sér um heimendingar. Viðskiptavinir geta einnig valið að sækja pantanir í verslanir Nettó. Upphaflega var aðeins einn afhendingarstaður en í sumar var lokið við að innleiða afhendingu á öllum þeim svæðum þar sem Nettó rekur verslanir.

Samkvæmt tölum Rannsóknarseturs verslunarinnar jókst netverslun í flokki stórmarkaða og dagvöruverslana um 230 prósent í nóvember 2019 miðað við sama mánuði árið 2018. Veltan á netinu í nóvembermánuði í fyrra nam alls 180 milljónum króna samanborið við 54 milljónir í nóvember 2018. Gunnar Egill segir að hlutfall netverslunar í rekstri Nettó sé hátt í samanburði við það sem gengur og gerist í nágrannalöndum.

„Ef við skoðum til dæmis breska markaðinn þá er hlutfallið hjá okkur með því besta sem finnst. Þetta segir okkur að þótt Íslendingar séu stundum seinir að innleiða tækninýjungar eru þeir mjög fljótir að tileinka sér þær. Við höfum séð svipaða þróun með sjálfsafgreiðslukassana sem eru nokkuð nýleg tækni hér á landi en hafa verið til staðar í meira en 10 ár í sumum nágrannalöndum,“ segir Gunnar Egill.

„Það tekur á bilinu þrjú til fimm skipti fyrir fólk að byrja að tileinka sér regluleg innkaup á netinu og við höfum reynt að hanna kerfið þannig að innkaupin séu eins auðveld og mögulegt er. Til dæmis man kerfið hvað þú hefur keypt áður og auðveldar þér að velja vörurnar sem þú kaupir í hverri viku. Ef þú vilt bæta einhverju við þá er leitarvélina síðan mjög skilvirk.“


Hafa vaxið í góða stærð

Sérfræðingar á sviði netverslunar hafa bent á að fá dæmi séu um arðbærar netverslanir. Spurður hvort hann sjái fram á að rekstur netverslunar Nettó verði arðbær svarar Gunnar Egill játandi.

„Þú getur rekið arðbæra netverslun ef þú færð viðskiptavinum til að sækja vörurnar. En ef þú ætlar að bjóða upp á heimendingar þarftu að ná stærðarhagkvæmni sem ég held að við séum að ná núna. Við erum búin að vaxa í góða stærð á flestum afhendingarstöðum,“ segir Egill Gunnar og nefnir þrjú atriði sem hann telur að muni gera Nettó kleift að reka arðbæra netverslun til framtíðar lítið.



Gunnar Egill segir að mesta áskorunin sé að halda verkferlum nógu einföldum svo að hver starfsmaður geti tint pantanir til. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




Stöðugur vöxtur hefur verið frá því að netverslunin var sett í loftið og janúar var stærsti mánuðurinn frá upphafi.

800 milljónir í afslætti

Árið 2015 ýttu Samkaup verkefninu „Minni Són – Allt nýtt“ úr vör þar sem áherslan er á aukna flokkun og minni soun matvæla. Allar verslanir Samkaupa bjóða nú stigvaxandi afslátt af vörum sem nálgast síðasta söludag. Vöruverð lækkar eftir því sem líftími vöru styttest og stuðlar þetta að minni soun matvöru. Samkvæmt gögnum frá Samkaupum hafa afslættirnir sem viðskiptavinir hafa fengið vegna verkefnisins numið tæpum 800 milljónum króna frá árinu 2016.

„Íslenski markaðurinn er litill og þess vegna ákváðum við að fara þá leið að tina vörur til afhendingar í verslunum okkar í stað þess að reka miðlægt vöruhús. Við fundum Aha sem samstarfsaðila til að geta notað tæknigrunn sem var þegar til staðar frekar en eyða tíma og orku í að þróa tæknina frá grunni. Og svo erum við að nota heimkeyrslukerfi Aha sem

Afslættir sem viðskiptavinir Nettó hafa fengið vegna verkefnisins Minni soun



eru sérfræðingar í því að besta heimkeyrsluna,“ segir Gunnar Egill.

Aðspurður segir Gunnar að mesta áskorunin sé að halda verkferlum nógu einföldum þannig að hver starfsmaður geti stokkið til og tint pantanir til.

„Ég tel að við séum búin að ná stærðarhagkvæmni í mörgum verslunum og nú er verkefnið að besta

tínluna. Á ákveðnum tímum dags getur myndast mikið álag á vinsælustu afhendingarstöðunum og þá er meiri hætta á að einhver geri mistök. En ég lit á það sem lúxusvandamál,“ segir Gunnar Egill.

Fóru inn á réttum tíma

Nettó og Heimkaup eru nú stærstu fyrirtækin í sölu á matvöru á netinu.

Það væri í raun ótrúlegt ef aðrar matvöruverslanir væru ekki að undirbúa innkomu á markaðinn.

Önnur stór smásölufyrirtæki á borð við Hagkaup hafa ekki hætt sér inn á markaðinn en samkeppnin mun harðna á þessu ári að sögn Gunnars Egils.

„Það væri í raun ótrúlegt ef aðrar matvöruverslanir væru ekki að undirbúa innkomu á markaðinn. Sérstaklega í ljósi árangursins sem við erum að sjá og mikils vaxtar í sölu á matvöru á netinu. Maður hittir fleiri og fleiri sem hafa prófað á að kaupa matvöru á netinu og sú þróun mun fyrirsjáanlega halda áfram. Ég er viss um að eftir tíu ár muni kröfur viðskiptavina verða mjög ólíkar því sem við erum vön í dag,“ segir Gunnar Egill.

„Við erum allavega að búa okkur undir harðari samkeppni á þessu ári. Ég tel að við höfum farið inn á markaðinn á hárréttum tíma en aftur á mótt geta keppinautarnir lært af mistökum sem við höfum gert. Það er ókosturinn við það að vera fyrstur af stað.“

Ánægjulegar hliðarsögur

Þá segir Gunnar Egill að netverslun sé umhverfisvænn valkostur í innkaupum. Til að mynda notast Aha, sem keyrir vörurnar út fyrir Nettó, eingöngu við rafmagnsbíla og í lok árs var milljónasti kílómetrinn ekinn í heimkeyrslu.

„Samkvæmt rannsóknum sem hafa verið framkvæmdar í Bandaríkjunum kemur fram að hver viðskiptavinur eyðir um það bil 40 mínútum í að versla á um það bil fimm daga fresti. Eldra fólk, slasað eða veikt fólk segir okkur reglulega sögur af því hvernig þetta léttir því lífið. Þetta eru ánægjulegar hliðarsögur sem voru ekki inni í hugmyndafraeðinni til að byrja með.“



H1 Rafmagnsborð

Verð frá
48.900 kr.

120 cm borð **48.900kr.**
140 cm borð **51.900kr.**
160 cm borð **54.900kr.**
180 cm borð **56.900kr.**

Verð eru með vsk.
Án samsetningar
og aksturs.

Open Point skrifborðsstóll

Tilboðsverð
33.900 kr.

Armar og
höfuðpúði
seldir sér.

MYNDFORM GRAFIK


RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

2019 Fyrirmyndarfyritæki
Íræstri
Váðgæðni Sveiklan

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · www.hirzlan.is

SPRENGIVIRKA

**24.-28.
FEBRÚAR**

Hvað á barnið að heita?



Hulda Árnadóttir
lögmaður á LEX

Fyrir skömmu vakti færsla á Instagram-síðu um hverfisverndarinnans Gretu Thunberg um að hún hygðist skrá nafn sitt sem vörumerki athygli víða um heim og var um hana fjallað á öllum betri fréttamiðlum bæði hér á landi og erlendis. Greta gaf þá skýringu á þessari ráðstöfun að með henni vildi hún tryggja að aðrir gætu ekki notað nafn hennar í hagnaðarskyni án hennar samþykkis. Áhyggjur Gretu að því leyti eru ekki úr lausu lofti gripnar en umsóknir um skráningu vörumerkja sem vísuðu til nafns hennar voru meðal annars lagðar fram í Þýskalandi á síðasta ári af aðila sem ekki tengist henni á nokkurn hátt.

Af þeirri umræðu sem fylgdi í kjölfarið á færslu Gretu má ráða að þessi ráðstöfun hafi komið mörgum í opna skjöldu og ýmsir talið að hún væri fyrsti einstaklingurinn sem leitaðist við að vernda nafn sitt með þessum hætti. Það er hins vegar ekki svo og alþekkt erlendis að kunnir einstaklingar skrái nöfn sín sem vörumerki ýmist til að tryggja að aðrir geti ekki nýtt þau í hagnaðarskyni eða einfaldlega

af því að þeir hafa hug á að nýta þau sjálfir til markaðssetningar á vöru eða þjónustu. Þannig eru vörumerkin Donald Trump, Messi, Beyoncé, Michael Jordan, Lebron James, Arnold Schwarzenegger, Taylor Swift, Rihanna, Justin Bieber, Bruce Springsteen, Katy Perry, Nigella Lawson, Kim Kardashian, Kylie Jenner, Jamie Oliver og svo mætti lengi áfram telja, skráð víðs vegar í heiminum fyrir margvíslegar vörur og þjónustu. Einna stórtækust að þessu leyti eru hjónin Victoria og David Beckham en þau hafa ekki látið nægja að skrá nöfn sín sem vörumerki í ótal útfærslum heldur eru nöfn barnanna þeirra fjögurra einnig skráð sem slík. Til gamans má geta þess að nafn Harper litlu Beckham er skráð sem vörumerki fyrir fjölbreyttar vörur sem spanna allt frá barnafötum og leikföngum að hreinsiefnum og hrukukremum sem og margvíslegri þjónustu eins og tónsmíðum og skipulagningu íþróttakapp-leikja. Vörumerkjum af þessum toga hefur fjölgað verulega með tilkomu samfélagsmiðla enda hafa þeir aukðið sýnileika þegar þekktra einstaklinga auk þess sem þeir hafa skotið áður óþekktum einstaklingum upp á stjórnuhimininn.

Í ljósi þeirrar athygli sem færsla Gretu vakti er forvitnilegt að skoða hvaða reglur gilda um skráningu mannanafna sem vörumerkja hér á landi. Í því sambandi skal þess fyrst getið að í vörumerkjalögum er beinlínis gert ráð fyrir því að mannanöfn geti verið vörumerki. Það hefur enda lengi tíðkast að

Íslenskir stjórn-málaleiðtogar, tónlistarfólk, íþróttafólk og samfélagsmiðlastjórnur hafa ekki séð ástæðu til að stökkva á vörumerkjavagninn með erlendum starfssystkinum.

vörumerki fyrirtækja skírskoti til nafna stofnenda þeirra og má í því sambandi nefna vörumerki á borð við Össur, Jóa Fel, Steinar Waage, Ellingsen og Siggí's. Þá er að sama skapi vel þekkt að fyrirtæki velji mannanöfn af handahófi og noti sem vörumerki svo sem vörumerkin Ísey, Eva, Linda, Harpa og Arna auk þess sem nokkuð er um að vörumerki vísi til nafna sögufrægra persóna eins og vörumerkin Egils, Freyja, Jarlinn, Snorri og Skalli.

Enn sem komið er hafa þó íslenskir stjórn-málaleiðtogar, tónlistarfólk, íþróttafólk, sjónvarpskokkar, samfélagsmiðlastjórnur og aðrir þjóðþekktir einstaklingar ekki séð ástæðu til að stökkva á vörumerkjavagninn með erlendum starfssystkinum í neinum mæli. Lausleg leit í vörumerkjaskrá Hugverkastofu leiddi til dæmis í ljós að nöfn á borð við Guðni, Katrín, Bjarni, Björgvin, Ragnhildur, Baltasar, Sólrún, Gylfi og Rúrik hafa ekki verið skráð sem vörumerki. Hins vegar er nafnið Gunnar Nelson skráð fyrir vörur og þjónustu á borð við næringar-efni, fatnað og íþrótt- og menn-

ingarstarfsemi og listamannsnafrnið Herra Hnetusmjör fyrir fjölbreyttar vörur og þjónustu allt frá búnaði og tækjum til ljósmyndunar og kvikmyndatöku að tvíbökum, tyggigummii og skemmtistarfsemi. Þá var nafnið Bubbi Morthens um tíma skráð sem vörumerki fyrir skemmti- og menningarstarfsemi.

Þó svo að mannanöfn geti verið prýðileg vörumerki er bæði skráning þeirra og vernd háð ákveðnum takmörkunum samkvæmt vörumerkjalögum. Þannig er til að mynda ekki hægt að skrá vörumerki ef í því felst eitthvað sem gefur tilefni til að ætla að átt sé við heiti annars manns, nema um löngu látinn mann sé að ræða eins og það er orðað í lögnum. Þessi áskilnaður veitir þekktum einstaklingum ákveðna vernd gegn því að aðrir freisti þess að fénýta frægð þeirra með því að skrá nöfn þeirra sem vörumerki, að því gefnu að um augljósa skírskotun sé að ræða og einstaklingurinn svo þekktur að þeir sem koma að mati á skráningarhæfi vörumerkja viti hver hann er. Þá er verndin takmörkuð að því leyti að eigandi vörumerkis getur ekki bannað öðrum að nota nafn sitt í atvinnustarfsemi að því tilskildu að notkunin sé í samræmi við góða viðskiptahætti. Þannig gæti til dæmis aðili sem væri svo ljónheppinn að eiga vörumerkið Jónas skráð fyrir tiltekna vörur eða þjónustu almennt ekki bannað einhverjum sem raunverulega heitir Jónas að nota nafn sitt í atvinnustarfsemi á sama sviði. Þá getur sú bagalega staða komið upp að vörumerki hafi

verið byggt upp í kringum nafn stofnanda fyrirtækis sem síðar missir það úr höndunum eins og fjölmörg dæmi úr tískugeiranum bera vott um. Viðkomandi þarf þá að sæta því að síðari eigendur fyrirtækisins noti nafn hans áfram sem vörumerki og hugsanlega undirgangast skuldbindingu um að hann muni ekki gera það sjálfur til að vörumerkið haldi verðmæti sínu.

Loks gildir það sama um mannanöfn og önnur orð og orðasambönd, það er að því meira sérkennandi sem þau eru þeim mun betur eru þau til þess fallin að þjóna sem vörumerki. Þannig er í meginatriðum auðveldara að byggja upp sterkt vörumerki sem samanstendur af sérkennandi orðum en almennum orðum auk þess sem slík vörumerki njóta jafnan ríkari verndar. Má því ætla að sjaldgæf mannanöfn séu betur til þess fallin að þjóna sem vörumerki en algeng mannanöfn. Á tímum þar sem miðlar verða sífellt fjölbreyttari og slagkraftur þeirra meiri sprettur hver stjarnan á fætur annarri fram á sjónarsviðið. Samhliða hefur færst í vöxt að óprúttir aðilar freisti þess að nýta frægð annarra í hagnaðarskyni eigi þeir þess kost líkt og Greta Thunberg fékk að reyna á eigin skinni. Þessi þróun verður þó vonandi ekki til þess að foreldrar hér á landi feti í fótspor Beckham-hjónanna og velji börnum sínum nöfn með það fyrir augum að þau séu vel til þess fallin að þjóna sem vörumerki enda hætt við að gömul og góð nöfn eins og Jón og Guðrún hverfi hreinlega af sjónarsviðinu verði það raunin.

VIÐ HJÁLPUM ÞÉR AÐ SKRÁ RAUNVERULEGA EIGENDUR

Einföld leið til að skrá flókið eignarhald fyrir 1. mars

Creditinfo býður einfalda leið til að rekja og skrá flókið eignarhald fyrirtækja. Á creditinfo.is eru upplýsingar um endanlega eigendur fyrirtækja, eignarhlut þeirra og tengsl í gegnum önnur fyrirtæki. Hafðu samband og fáðu skýra mynd af raunverulegum eigendum.

Kynntu þér fljótlega og einfalda lausn á [creditinfo.is](https://www.creditinfo.is)

- Endanleg eign í félögum
- Hlutafélagapátttaka
- Hlutafélagaskrá
- Tengslaskýrsla
- Áreiðanleikaskýrsla stjórnenda






LG

Business Solutions

Slepptu í myndunaraflinu lausu með hágæða LG OLED upplýsingaskjám

LG býður upp á upplýsingaskjá í hæsta gæðaflokki sem koma fyrirtækinu þínu á næsta stig.

Djúpur svartur og fullkomnir litir, skýr mynd frá öllum sjónarhornum, örþunnur og rammalaus skjár sem má raða, beygja og stilla upp á ótal vegu. LG OLED upplýsingaskjáir eru tilvaldir til að fanga athygli og vekja aðdáun viðskiptavina. Framtíðin í upplýsingaskjám er komin. Hafðu samband og kynntu þér málið.



Concave




Convex



Wave



Circular



Tunnel

LG OLED



SUPERSIGN™



NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ SÖLUFULLTRÚUM FYRIRTÆKJASVIÐS
SÍMI 414 1710 OG Á NETFANGIÐ SALA@TL.IS

TÖLVU
LISTINN

FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA

VETRAR TILBOÐ

á skrifborðsstólum



Fást í svörtu og hvítu
með eða án höfuðpúða

30%
AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ
58.450
m. VSK



Á. GUÐMUNDSSON
STOFNAÐ 1956



www.ag.is



ag@ag.is



510 7300



Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur



Soffia Theódóra segir að hún þurfi alltof oft að jafna sig á flugþreytu vegna vinnuferðalaga. Hún vinnur einnig jafnan daglega á tveimur tímabeltum með átta tíma mismun. LJÓSMYND/NETAPP

Þriðjungur af árinu fór í vinnuferðalög

Svipmynd

Soffia Theódóra Tryggvadóttir

Nám

■ Viðskiptafræðingur með meistaranám í stjórnun og stefnumótun.

Störf

■ Markaðsstjóri skýjalausna hjá NetApp.

Soffia Theódóra Tryggvadóttir er markaðsstjóri skýjalausna hjá bandaríska stórfyrirtækinu NetApp sem þróar stýrikerfi og vélbúnað fyrir fyrir hásingar. Soffia segir að 130 dagar hafi farið í vinnuferðalög á síðasta ári og hún hafi þurft að takast á við ótrúlegustu hluti í starfinu sem hafa þroskað hana sem stjórnanda.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Mér finnst mjög gaman að ferðast og upplifa nýja hluti, spila golf eða fara á matreiðslunámskeið erlendis. Það er fátt sem hreinsar hugann

betur en að elda eitthvað krefjandi. Ég hef líka mjög gaman af því að grúska í alls konar hugmyndum sem poppa upp og vildi að ég hefði meiri tíma til þess.

Hvernig er morgunrútinan þín?

Ég hef aldrei verið morgunmanneskja og er alltof oft að jafna mig á flugþreytu þannig að ég er yfirleitt á hlaupum að koma mér afstað. Ég er því ekki með neina rútinu en mæti vanalega í vinnuna um klukkan 10 á Íslandi og vinnu oft vel fram á kvöld þannig að skipulagið mitt er frekar sveigjanlegt. En það sem ég geri líklegast alltaf fyrir utan þetta venjulega er að bryðja lýsisperlur og drekka sóðavatn með, sem þykir undarlegt. Ég vel líka fót eftir því hvernig mér líður eða hvernig mig langar til að líða, fer eftir hitastigi. Ef ég er ekki á síðustu stundu þá finnst mér róandi að byrja morguninn á að borða Cheerios, lesa blaðið og hlusta á tónlist. Vildi samt að ég væri týpan sem byrjar daginn á æfingu, en það er nokkuð ljóst að slíkt verður áfram óskhyggja.

Hvað felst í starfinu og hvað er mest krefjandi?

Ég er ábyrg fyrir markaðssetningu skýjalausna NetApp á heimsvísu og markaðssamstarfi NetApp við Microsoft Azure, Google Cloud og AWS. Ég stýri teymi sem er staðsett á Íslandi og í fimm borgum í Bandaríkjunum. Þetta er ábyrgðarstaða þar sem skýjalausnir munu drífa áfram framtíð fyrirtækisins. Starfið sjálft er mjög krefjandi en það sem er raunar erfiðast eru mikil ferðalög til vesturstrandar Bandaríkjanna og tímamunurinn. 130 dagar á síðasta ári fóru í vinnuferðalög og hlutfallið er frekar að aukast. Ég vinn einnig jafnan daglega á tveimur tímabeltum með átta tíma mismun.

Hvers konar stjórnunarstíl hefurðu tileinkað þér?

Ég hef lært mikið á síðustu árum og þurft að takast á við ótrúlegustu hluti sem hefur þroskað mig sem stjórnanda. Í teyminu mínu er fólk á aldrinum 27-74 ára frá fjórum mismunandi löndum, afar ólíkt fólk með ólíkan bakgrunn. Ellefu bandarískir starfsmenn hafa færst til mín auk þeirra sem ég hef sjálf ráðið á Íslandi og í Bandaríkjunum.

●● Það er ekki auðvelt að snúa við áralöngu vantrausti til yfirmanns þar sem valdastiginn skiptir öllu, eins og í Bandaríkjunum.

Þegar ég tók við teyminu komst ég að því að mörgum hverjum fannst þeir ekki geta sagt sína skoðun og fyndist þeir ekki mega vita betur en yfirmaðurinn, eða að þeir hefðu vald til að drífa áfram sín verkefni þrátt fyrir að gegna ábyrgðarstöðum. Flestum hafði einnig verið hent fyrir lestina þegar eitthvað hafði farið úrskeiðis. Ég þurfti því að byrja á að snúa þessum fyrirframgefnum hugmyndum algjörlega við og byggja upp traust, gefa þeim svigrúm til að leiða sín verkefni, fá viðurkenningu fyrir sitt framlag og leiða með opnum samskiptum og gagnsæi í upplýsingagjöf. Ég hef einnig þurft að byggja upp fjölmarga í mínu teymi sem hafa mun meiri þekkingu og starfsaldur en ég

til að trúna meira á sjálfa sig.

Það er ekki auðvelt að snúa við áralöngu vantrausti til yfirmanns þar sem valdastiginn skiptir öllu, eins og í Bandaríkjunum. Það voru þó þrjár aðferðir sem virkuðu einna best, i) að standa með þeim og verkefnum þeirra og auðvitað aldrei henda þeim fyrir lestina því ég ber alltaf endanlega ábyrgð sem yfirmaður þeirra, ii) að sýna þeim fram á að ég hlusta og ég berst fyrir því að útrýma áskorunum svo þau geti unnið vinnuna sína, iii) ég viðurkenni alltaf mín mistök, leiðrétti þau strax og deili með þeim persónulegum áskorunum tengdum vinnu, svo þeim finnst þau geta gert hið sama.

Mælingar hjá okkur sýna að starfsfólkið er ánægð í vinnunni. Þau þora að segja hvað þeim finnst, þau þora að leiða og eru stolt af teyminu sem við höfum byggt upp.

Hvar séðu þig eftir 10 ár?

Það getur svo margt breyst á 10 árum, en ætli það verði ekki annaðhvort að stýra spennandi alþjóðlegu fyrirtæki eða gerast rithöfundur og vinnbóndi á Ítalíu.

Af hverju er kvóti eignfærður hjá sjávarútvegsfyrirtækjum?



Guðmundur Kristjánsson forstjóri Brims hf. og hefur starfað í sjávarútvegi í 40 ár

Þegar núverandi fyrirkomulagi við stjórn fiskveiða var komið á í frumstæðri mynd í desember 1983 var öllum fiskiskipum á Íslandi úthlutað hlutdeild í ákveðnum fiskteygundum, oft nefnt kvóti í daglegu tali. Hlutdeild var síðan skráð á hvert fiskiskip árið 1990 og hefur Fiskistofa síðan þá haldið nákvæma skrá yfir hana.

Í ársbyrjun 1984 var enginn kvóti eignfærður hjá íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Árið 1990 heimiluðu íslensk stjórnvöld framsal á varanlegri aflahlutdeild, þannig að fyrirtæki gátu selt og keypt heimildir. Það hófst þannig að útgerð keypti skip með varanlegum aflaheimildum, á til dæmis 100 milljónir króna, seldi svo skipið án aflaheimilda á 20 milljónir króna. Í bókhalda sjávarútvegsfyrirtækja var þá fært 80 milljóna króna sölutap af fjárfestingunni. Ríkisskattstjóri (RSK) gerði athugasemd við þetta. Hann fór með málið fyrir dóm í nafni fjármálaráðherra og krafðist þess að aflahlutdeild væri eignfærð í bókum útgerðanna. Síðan kom

●● Ég sem útgerðarmaður hef aldrei sagt að útgerðin eigi fiskinn í sjónum. Fiskurinn á sig sjálfur, útgerðin á veiðirétt samkvæmt lögum.

niðurstada í Hæstarétti í nóvember 1993 og RSK og fjármálaráðherra unnu málið. En út af óvissu með fiskveiðistjórnunarkerfið leyfði Hæstiréttur 20% skattalega afskrift af aflaheimildum á næstu árum.

En skatturinn og ríkið sættu sig ekki við að leyft væri að afskrifa

aflahlutdeild (kvótann). Til að bregðast við þessu lagði þáverandi fjármálaráðherra fram frumvarp á Alþingi í nóvember 1997 um að bannað yrði alfarið að afskrifa kvóta. Frumvarpið var samþykkt í desember 1997. Allar götur síðan þá hefur verið bannað að afskrifa kvóta. En lyklatríði til að ná hagræðingu og arðsemi í íslenskum sjávarútvegi var að sameina kvótann á færri skip og báta og nýta framleiðslutækin betur og stækka fyrirtækin. Sjávarútvegurinn fékk alveg skýr skilaboð frá kosnum fulltrúum þjóðarinnar um að hagræða, ná arðsemi, sýna ábyrgð í umgengni við auðlindir, minnka olíunotkun, sem heitir í dag minnka kolefnis-

spor, en vera eftir sem áður arðsamur til að geta greitt meðal annars auðlindagjald á undan öllum okkar samkeppnisþjóðum við Norður-Atlantshaf. Meira að segja Evrópusambandið styrkir enn þá sinn sjávarútveg um milljarðatugi á hverju ári og hefur lengi gert.

Keyptar aflaheimildir (kvóti) eru í dag ein helsta eign sjávarútvegsfyrirtækja. Og ástæðan er að ríkið hefur krafist þess og Alþingi Íslendinga hefur samþykkt lög sem skylda íslensk sjávarútvegsfyrirtæki til að eignfæra kvótann. Ég sem útgerðarmaður hef aldrei sagt að útgerðin eigi fiskinn í sjónum. Fiskurinn á sig sjálfur, útgerðin á veiðirétt samkvæmt lögum.



Rauði þráðurinn

Audi e-tron 50 quattro er drifinn aflgjafa íslenskrar náttúru. 100% rafdrifinn sportjeppi með allt að 336 km drægni sem kemur þér í rafmagnað samband við landið allt. Með 600 lítra farangursrými að aftan að viðbættum 60 lítrum að framan tekurðu með þér það sem þig langar.

Fjór hjóladrifinn rífur hann sig í hundraðið á sjö sekúndum og nýtur fulltingis allra nýjustu tækni og aðstoðarkerfa sem halda þér á jörðinni.

Rauði þráðurinn er 50 ára samleikur HEKLU + AUDI sem færir þér e-tron 50 á fádæma afmælisverði.

– Skoðaðu úrvalið og tryggðu þér eintak á afmælisverðinu í sýningarsalnum á netinu: hekla.is/audisalur

e-tron 50



*Búnaður á mynd getur verið frábrugðinn bilum á tilboðsverði.



50 ára samleikur

+ Afmælispakki Basic

7.390.000 kr.

- ▶ MMI Navigation Plus
- ▶ Íslenskt leiðsögukerfi
- ▶ Stafrænt mælaborð
- ▶ Loftpúðaafjöðrun
- ▶ Nálgunarvarar að framan og aftan
- ▶ Audi hljómkkerfi - 10 hátalarar 180w
- ▶ Tveggja svæða sjálvvirk loftkæling
- ▶ LED aðaljós að framan og aftan
- ▶ Metallic lakk
- ▶ 20" álfelgur - 5 arma
- ▶ Hiti í stýri
- ▶ Langbogar ál
- ▶ Bakmyndavél
- ▶ Geymslupakki

+ Afmælispakki Advanced

7.990.000 kr.

- Búnaður umfram Afmælispakka Basic:**
- ▶ Leður/leðurlíki áklæði á sætum
 - ▶ Samlitun
 - ▶ Rafmagn í framsætum og minnisstillingar fyrir bílstjórásæti
 - ▶ Mjóbaksstuðningur
 - ▶ Dökkar rúður að aftan
 - ▶ Lyklalaust aðgengi

+ Afmælispakki Advanced S-line

8.890.000 kr.

- Búnaður umfram Afmælispakka Advanced:**
- ▶ Langbogar svartir
 - ▶ 21" álfelgur - 15 arma
 - ▶ Bang & Olufsen hljómkkerfi
 - ▶ S-line sportpakki
 - ▶ Alcantara/leðuráklæði með S-line logo
 - ▶ Sportsæti að framan
 - ▶ Audi stafrænt mælaborð plus
 - ▶ Pakklæðning í svörtu
 - ▶ Efri hluti mælaborðs í leðri og neðri hluti leðurlíki
 - ▶ Hiti í stýri + Sportstýri
 - ▶ Álinnlegg í innréttingu
 - ▶ Svartur útlitspakki
 - ▶ Ambient inniljósapakki
 - ▶ Þægindararmpúði milli framsæta

SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik Halldórsson



Hrópandi kæruleysi

Ríkisstjórnin hefur haft eitt og hálft ár til að búa sig undir og bregðast við gjaldproti WOW air. Haustið 2018 varð öllum ljóst að flugfélag sem stóð undir miklum straumi ferðamanna til landsins og fjölda starfa væri í verulegum fjárhagserfiðleikum. Nú, þegar ellefu mánuðir er liðnir frá falli WOW air, biður atvinnulífið enn eftir aðgerðum sem sporna við frekari niðursveiflu svo nokkru muni.

Atvinnuleysi þokast upp á við, óvissa er um loðnuveiðar, ferðaþjónustan glimur við samdrátt í eftirspurn, og róttækir verkalýðsforingjar vilja setja lífskjarasamninginn í uppnám. Kórónaveiran veldur sívaxandi áhyggjum. Allt leggst þetta á eitt, á sama tíma og séríslenskt regluverk heftir útlánagetu bankanna. Staðan er vægast sagt viðkvæm.

Versnandi horfur og lækkandi vextir hafa skapað kjöraðstæður fyrir stjórnvöld til að ráðast í innviðafjárfestingar sem örva hagkerfið. Að því sögðu er vert að hafa tvennt í huga. Annars vegar mikilvægi þess að innviðafjárfestingar sem ráðist verður í séu skynsamlegar og arðbærar. Hins vegar það að tímasetningar skipta öllu máli.

Spurningin er hvenær hægt verður að hrinda verkefnum í framkvæmd og hvernig tímasetningar munu ríma við hagsveifluna. Það er hætta á því að svífasein stjórnvöld geri illt verra með því að ráðast í fjárfestingar of seint þannig að áhrifin verði ekki þau að mýkja niðursveiflu heldur að ýkja næstu uppsveiflu.

Lilja Alfreðsdóttir kallaði eftir átaki í uppbyggingu innviða í síðustu viku og það er kannski lýsandi fyrir kæruleysi annarra ráðherra að mennta- og menningarmálaráðherra hafi fundið sig knúinn til að setja málið á dagskrá. Þegar Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra var í kjölfarið innt eftir svörum sagðist hún hafa talað fyrir slíku átaki og vísaði til þess að á næstu vikum yrðu kynntar tillögur sem byggja á niðurstöðum átakshóps.

Undarleg ummæli í ljósi þess að hópurinn tók til starfa í desember eftir ofsavæðrið sem hafði þá nýlega gengið yfir. Hópurinn var skipaður meira en átta mánuðum eftir fall WOW air, tillögurnar eiga að miða að öryggi innviða en ekki skilvirkri hagstjórn, og ólíklegt er að þær feli í sér nógu viðamiklar fjárfestingar. Og kannski er ekki síður undarlegt að síðustu tveir pistlar forsætisráðherra, sem birtust í víðlesnasta blaði landsins á meðan óveðurskýin hrönnuðust upp, hafi fjallað um kynferðislega friðhelgi og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í jafnréttismálum.

Vonir um að ríkisstjórnin taki afgerandi og tímanlegar ákvarðanir til að koma til móts við atvinnulífið fara þverrandi.

Eiga sameinað félag Gleðipinna til helminga

Hluthafar FoodCo og Gleðipinna eiga sameinað félag, sem tók nýverið til starfa í kjölfar samþykkis Samkeppniseftirlitsins, til helminga.

Eftirlitið lagði blessun sína yfir sameiningu FoodCo og Gleðipinna en sameinað félag verður rekið undir nafni Gleðipinna.

Veitingastaðirnir sem tilheyra sameinuðu félagi eru Hamborgarafabrikkan, Saffran, Keiluhöllin, Shake&Pizza, American Style, Blackbox, Roadhouse, Eldsmíðjan, Aktu Taktu, Pítan og Kaffivagninn.



Jóhannes Ásbjörnsson, einn eigenda Gleðipinna.

Eigendur FoodCo fara með helming hlutfjár í sameinuðu félagi, samkvæmt upplýsingum Markaðarins, en feðgarnir Jóhann Örn Þórarinnsson og Þórarinn Ragnarsson með 21,25 prósentu hlut hvor og Bjarni Stefán Gunnarsson heldur á 7,5 prósentu hlut.


Þá á félag Guðmundar Auðunssonar og Guðríðar Maríu Jóhannesdóttur 28,35 prósentu hlut og er stærsti einstaki hluthafi þess og Jóhannes Ásbjörnsson fer með 21,65 prósent.

Hjá sameinuðu félagi starfa um sjö hundruð manns á alls 26 veitingastöðum. – kij

20.02.2020

Ég tel að við séum í dauðafæri til að koma með meiri innspýtingu, flýta framkvæmdum sem eru tilbúnaðar og við eigum að nýta kjöraðstæður á markaði.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra



VR Fyrirtæki Ársins 2019

Jafnlaunavottun

Sanngjörn laun fyrir jafnverðmæt störf



PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar





STÆRRI OG VEGLEGRI MARKAÐUR FYLGIR FRÉTTABLAÐI DAGSINS

Markaðurinn, fylgirit Fréttablaðsins um viðskipti og fjármál, kemur út í stærri og veglegri útgáfu í dag. Blaðið er nú 20 síður og mun áfram leggja áherslu á fjölbreytta umfjöllun í formi fréttar, fréttaskýringa, úttekta og viðtala auk aðsendra greina frá breiðum hópi sérfræðinga og stjórnenda úr atvinnulífinu.

Markaðurinn leggur áherslu á að vera fyrstur með fréttirnar og hefur þannig fest sig í sessi sem helsta uppspretta fréttar úr íslensku viðskiptalífi og um þróun efnahagsmála.

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu alla miðvikudaga auk þess að vera aðgengi- legur rafrænt í Fréttablaðs-appinu, á markadurinn.is og á frettabladid.is.



VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

| | | |
|--------------------------------|-----------------------------------|---------------------------------|
| Reykjavík -3 6 °C ← | Ísafjörður -6 10 °C ↙ | Akureyri -4 2 °C ↓ |
| Egilsstaðir -3 9 °C ↓ | Kirkjubæjarkl -4 12 °C ↙ | Hveravellir -12 7 °C ↙ |

Gengur í norðaustan 13-20, hvassast NV-til, þó mun hægari vindur sunnan heiða fram á kvöld. Snjócoma eða él N- og A-lands, en úrkomulítið á S- og SV-landi. Frost 0 til 8 stig. Norðaustan 10-18 á morgun. Þjart veður á S-verðu landinu, annars víða él.

Fimmtudagur

| | | |
|--------------------------------|----------------------------------|---------------------------------|
| Reykjavík -5 8 °C ↖ | Ísafjörður -7 6 °C ↖ | Akureyri -8 3 °C ↑ |
| Egilsstaðir -4 4 °C ↘ | Kirkjubæjarkl -6 5 °C ↓ | Hveravellir -14 6 °C ↘ |

Föstudagur

| | | |
|--------------------------------|----------------------------------|--------------------------------|
| Reykjavík 0 5 °C ← | Ísafjörður -6 4 °C ← | Akureyri -8 3 °C ← |
| Egilsstaðir -4 5 °C ↙ | Kirkjubæjarkl -1 8 °C ↙ | Hveravellir -7 3 °C ↙ |

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 6 | | 1 | | 7 | | |
| | | | 1 | | | 6 | 5 | 8 |
| 8 | 9 | | | | | | 2 | 6 |
| 9 | | 7 | 6 | | | | | 8 |
| | 8 | 4 | | 2 | | | 3 | |
| 3 | | | 1 | | | | | |
| 6 | | 5 | | | 1 | | 9 | |
| | 2 | | 9 | | | 4 | | |
| | | | 4 | | | | | |

MIDLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | 2 | 8 | 1 | | |
| | | | 2 | | | 6 | | 3 |
| | | 6 | | | 5 | | | 5 |
| | | | | 7 | | | 2 | 4 |
| | 1 | | | 9 | | | | |
| 9 | | | | 6 | | 7 | | 8 |
| 5 | 6 | 8 | | 1 | | | | 2 |
| 3 | | | | | 7 | | | 1 |
| 2 | | | | 8 | 9 | | | |

PUNG

| | | | | | | | | | |
|---|---|--|---|---|---|---|---|--|---|
| | | | | | | | | | 9 |
| | | | 8 | | | 2 | 5 | | 3 |
| 2 | 4 | | | | 8 | | | | |
| | 9 | | 4 | | | 3 | 7 | | |
| 7 | | | | | 1 | | 2 | | |
| 8 | 4 | | | | | | | | |
| | 6 | | | 7 | | 3 | | | |
| | | | | 2 | 1 | | | | 4 |
| 9 | | | | | | | | | 7 |

Krossgáta

- LÁRÉTT**
 1. Fnæsa
 5. Kvk. nafn
 6. Í röð
 8. Linast
 10. Tveir eins
 11. Pláss
 12. Rytja
 13. Íþróttafélag
 15. Vín
 17. Tónstigi

- LÓDRÉTT**
 1. Mælieining
 2. Langar
 3. Trylla
 4. Tormerki
 7. Óður
 9. Merja
 12. Innsigli
 14. Stigur
 16. Drykkur

| | | | | | |
|----|----|----|---|----|----|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | |
| 5 | | | | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | | | 11 | |
| | | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | | |
| 15 | | | | | 16 |
| | 17 | | | | |

LÁRÉTT: 1. hvæsa, 5. ein, 6. gh, 8. slakna, 10. tt, hamfar, 9. kremja, 12. lakk, 14. rfs, 16. ól.
 LÓDRÉTT: 1. nestarfi, 2. vilt, 3. æra, 4. agnúi, 7. ram, 12. leif, 13. fram, 15. hljóð, 17. skali.

Skák Gunnar Björnsson

Platz átti leik gegn Plampe í Halle árið 1957.

1. Dxf6+! Kxf6 2. Hf1+ Ke7 3. Bg5# 1-0.

Dagur Ragnarsson og Guðmundur Kjartansson urðu efstir og jafnir á Skákhátíð MótX sem lauk í fyrradag. Hjörvar Steinn Grétarsson varð þriðji.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir.



Leica EYECARE
SILMO 80%
 50-65% stærra lessvæði

Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

Optical Studio
 SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

DAG HVERN LESA
93.000
 ÍSLENDINGAR
 FRÉTTABLAÐIÐ
 AÐ MEÐALTALI

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 1 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 7 | 4 | 9 | 8 | 2 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 7 | 2 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 6 | 1 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 9 | 6 | 5 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 5 | 7 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 5 | 6 | 9 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 1 | 8 | 7 | 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 | 5 | 1 |
| 4 | 8 | 2 | 5 | 1 | 6 | 3 | 9 | 7 |
| 5 | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 |
| 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 3 | 1 | 6 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 6 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 2 | 1 | 4 | 8 | 9 | 7 | 6 | 3 | 5 |
| 7 | 3 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 6 | 5 | 9 | 4 | 3 | 2 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 8 | 7 | 1 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 5 | 4 | 1 | 2 | 3 | 6 | 7 | 8 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 1 | 8 | 7 | 3 | 9 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 3 | 2 | 4 | 5 | 6 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 7 | 1 | 8 | 2 |
| 1 | 3 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 3 | 9 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Hvað ertu að reyna að segja? Að strákar séu klárari en stelpur!? Nei, nei!

Því þeir eru það ekki! Stelpur eru að minnsta kosti jafn klárar og strákar! Þá segjum við það! Jafn klár!

Hvað sagðirðu eiginlega við hana? Ég benti bara góðlátlega á að tölfraeðin sýni að 99,4% af þeim sem kaupa miða á Justin Bieber eru stelpur!

Já, en á hinn bóginn eru 99,5% þeirra sem éta eigið hor strákar! Það er það sem ég sagði... við erum jafnklár!

Eftir Frade Överli

Geljan

Hey, Mamma. Ég og Pierce ætjum... Ha?

Við ætlum... Ég get ekki - æ, skiptir engu. Segðu mér það seinna.

Vel gert. Hver þarf leyfi þegar það er hægt að umla?

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Náðirðu góðum myndum af krökkunum að opna gjafirnar? Sjáðu hér.

Þær eru allar svo hreyfðar. Ég fangaði augnablikið vel.

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

26. FEBRÚAR 2019



Brynhildur Guðjónsdóttir er meðal flytjenda og Sveinn Einarsson leikstýrir verki Raymond Queneau.

Stílæfingar í Hannesarholti

Sunnudaginn 1. mars klukkan 16 verður flutt í Hljóðbergi Hannesarholts verkið Stílæfingar eftir Raymond Queneau, sem er eitt frumlegasta og þekktasta verk í frönskum bókmenntum síðari ára. Sveinn Einarsson er leikstjóri flutningsins og milli kafla leika þau Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari og klarínettuleikararnir Einar Jóhannesson og Sigurður I. Snorrason létt skemmtitónlist sem franska tónskáldið Louis Dunoyer de Segonzac samdi til flutnings með verkinu árið 2008.



Höfundurinn tilheyrði hópnum sem hélt til á Saint Germain des Prés eftir stríð, Simone de Beauvoir, Camus, Sartre, Juliette Greco og ótal öðrum listamönnum, en þar þótti mikil listræn gerjun. Þetta verk Queneau er sérstætt og þekkt um heim allan, því að þar er sama sagan sögð í nær 100 útgáfum, stíllbrigðum, bragarháttum og bragleysi, í hástemmdu máli og á götumáli.

Þýðing þessa verks þykir mikið vandaverk, en hér er það flutt í íslenskum búningi Rutar Ingólfsdóttur. Verkið var flutt á listahátíð á Kvoslæk í Fljótshlíð við mikinn fögnuð í sumar og verður nú vegna fjölda áskorana einnig flutt í Reykjavík. Farið er að fordæmi Comedie Française, Þjóðleikhúss Frakka, og fjórir úrvalsleikarar flytja valda kafla verkinu, þau Arnar Jónsson, Brynhildur Guðjónsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir og Þór Tulinius. Bókin kom fyrst út hjá Gallimard-útgáfunni 1947 og hefur margoft verið gefin út síðan, síðast 2012, enda er bókin mikið lesin í Frakklandi og hefur einnig verið notuð í kennslu.

Þýðing Rutar kom út hjá bókaútgáfunni Uglu síðastliðið sumar og mun þetta vera 36. tungumálið sem verkið er þýtt á. – kb

Hvað? The Roaring Twenties

Hvenær? 20.00

Hvar? Múlinn Jazzklúbbur, Björtu-loft, Hörpu

Á tónleikunum kemur fram hljómsveitin The Roaring Twenties. Heitið vísar til þriðja áratugar 20. aldar í vestrænu samfélagi og menningu. Tímabilið einkenndist af efnahagslegri velmegun og er einnig upphafið að blómaskeiði djassins. Haldið verður upp á 100 ára útgáfuafmæli tónsmíða sem komu út árið 1920. Hljómsveitina skipa Eiríkur Orri Ólafsson, sem leikur á trompet, píanóleikarinn Kristján Martinsson, bassaleikarinn Andri Ólafsson og Magnús



Þóra Hjörleifsdóttir rithöfundur verður í Gerðubergi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Trygvason Eliassen sem leikur á trommur. Miðaverð er 3.000 krónur, 1.500 fyrir nemendur og eldri borgara. Miðar fást í miðasölu Hörpu og á tix.is.

Hvað? Bókakaffi

Hvenær? 20.00-21.30

Hvar? Borgarbókasafnið, Menningarhúsið Gerðubergi

Hvað gerir ástarsögu að ástarsögu og hver er munurinn á ástarsögu og sögu um ást? Þóra Hjörleifsdóttir rithöfundur og Ingunn Snædal, ljóðskáld og þýðandi, ræða við Guðrúnu Baldvinsdóttur um ástir í bókmenntum í víðum skilningi.



LG OLED TV

100%
of 40 testing
members
recommend

Qbuzzador LG 55" OLED C9



MARGVERÐLAUNUÐ SJÓNVÖRP

BETRA BORGAR SIG

Opíð virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 16



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | raffland.is

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



Komnir aftur!

1.895 kr./pk.

Chick'n Kjúklingavængir
Hot Wings, frosnir, 2,5 kg



2l

198 kr./2 l

Coca Cola Light
2 lítrar



500ml

98 kr./0,5 l

Coca Cola Light
500 ml

**SAMIA
VERÐ
UM LAND ALLT**



98 kr./500 ml

UpGrade Íþróttadrykkur
500 ml, 4 teg.



1 kg

998 kr./1 kg

Venezia Kaffibaunir
Espresso, 1 kg



1 kg

498 kr./1 kg

Bio Epli
Lífræn, 1 kg, Ítalía



349 kr./kg

Blómkál
Spánn



349 kr./kg

Spergikál
Spánn

Verð gildir til og með **1. mars** eða meðan birgðir endast.

Dönsk
Gæðavara

Vistvænni bleiur

Nr. 3 - M
4-8 kg
52 stk.

Nr. 4 - L
7-14 kg
48 stk.

Nr. 5 - XL
12-18 kg
44 stk.

Nr. 6 - XXL
16+ kg
40 stk.



Vistvænni blautpurkur
60 stk. í pakka - Ekkert plast



298 kr./pk.

Happy Planet Blautpurkur
60 stk.

1.198 kr./pk.

Bambo Nature bleiur
4 tegundir - Dönsk gæðavara

Handspritt



100stk.

698 kr./pk.


Abena Latexhanskar
100 stk. í pakka, M og L stærðir



70%

659 kr./600 ml

Dúx Handspritt 70%
600 ml



BÓNUS

**EKKERT
BRUÐL**

ÞÚ ERT AÐ HORFA Á
HRINGBRAUT



VIÐ ERUM 5 ÁRA!

Við þökkum áhorfið undanfarin 5 ár og hlökkum til að færa landsmönnum áfram íslenskt sjónvarp á degi hverjum þeim að kostnaðarlausu.


62%

landsmanna 50 ára horfa reglulega á Hringbraut í hverri viku*



43%

landsmanna 30 ára og eldri horfa reglulega á Hringbraut í hverri viku*



FRÉTTAUMRÆÐA,
MENNING, HEILSA,
LÍFSREYNSLA OG
NÁTTÚRA

Útsendingar ná til
99,4%
heimila landsins

Við miðlum af reynslu!

HRINGBRAUT

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

20.00 Áskoranir iðnaðarins
Áskoranir iðnaðarins er sjónvarpsþáttur um veruleikann sem blasir nú við íslenskum framleiðslufyrirtækjum.

20.30 Viðskipti með Jóni G. Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.

21.00 21 - Fréttabáttur á miðvikudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.

21.30 Saga og samfélag Saga og samfélag er nýr þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

12.35 Kastljós
12.50 Menningin
13.00 Gettu betur 1994 Úrslit. MR - Versló
14.15 Mósaik
15.00 Nálspor tímans
15.30 Á tali hjá Hemma Gunn 1990-1991
16.40 Græna herbergið
17.15 Andrar á flandri. Suður-England
17.45 Tákn málsfréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Dóta læknir
18.19 Sigildar teiknimyndir
18.26 Músahús Mikka
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotta
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Kiljan
20.45 Ljós móðirin. Call The Midwife VI Sjötta þáttaröð breska myndaflokksins Ljós móðurinnar, sem er byggður á sannsögulegum heimildum um ljósmæður og skjólstaðinga þeirra í fátækra-hverfi í austurborg London í byrjun sjöunda áratugarins. Meðal leikenda eru Vanessa Redgrave, Jenny Agutter og Laura Main.
21.40 Kappléikur Match
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Sviptingar í Sádi-Arabíu House of Saud. A Family at War Heimildarþáttaröð í þremur hlutum um stöðu Sádi-Arabíu á síðustu árum og þær áskoranir sem biða krónprinsins Mohammads bin Salman sem hefur lofað ýmsum umbótum í landinu. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.10 Kveikur
23.45 Saga af frjósemi The Story of Fertility
00.35 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

08.00 ISPS Handa Vic Open Útsending frá ISPS Handa Vic Open
12.00 Mexico Championship Útsending frá Mexico Championship á Heimsmótaröðinni.
18.00 PGA Highlights
18.55 The Honda Classic Útsending frá The Honda Classic á PGA-mótaröðinni.
21.25 ISPS Handa Vic Open

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.15 The Late Late Show
13.00 Everybody Loves Raymond
13.25 The King of Queens
13.45 How I Met Your Mother
14.10 Dr. Phil
14.55 Single Parents
15.20 Top Gear. Winter Blunderland
16.15 Malcolm in the Middle
16.35 Everybody Loves Raymond
17.00 The King of Queens
17.20 How I Met Your Mother
17.45 Dr. Phil
18.30 The Late Late Show
19.15 The Good Place
19.40 Will and Grace
20.10 Survivor
21.00 Chicago Med
21.50 Station 19
22.35 Love Island
23.20 The Late Late Show
00.05 NCIS
00.50 The Resident
02.20 Det som göms í snö
03.30 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregni
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregni
12.50 Dánarfregni
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Samtal, Eggert Benedikt Guðmundsson
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Bítta á jaxlinn Binna mín
18.50 Veðurfregni
18.53 Dánarfregni
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsgagan. Hjartastaður (27 af 31)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregni
22.10 Passíusálmur (14 af 50)
22.15 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.45 The Mercy
12.25 So B. It
14.00 Wonder
15.50 The Mercy
17.30 So B. It
19.10 Wonder
21.00 Jumanji. Welcome to The Jungle
23.00 Valerian and the City of a Thousand Planets
01.15 Partisan
02.50 Jumanji. Welcome to The Jungle

STÖÐ 2

08.00 Kevin Can Wait
08.25 Gilmore Girls
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gossip Girl
10.10 Mom
10.30 The Goldbergs
10.55 Brother vs. Brother
11.40 Bomban
12.35 Nágrannar
13.00 Hvar er best að búa
13.35 Lose Weight for Good
14.05 Grand Designs. Australia
14.55 Manifest
15.40 The Village
16.20 Lóa Pind. Örir Íslendingar
17.10 Rikki fer til Ameríku
17.41 Bold and the Beautiful
18.01 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.51 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Vikingalottó
19.10 Heimsókn
19.35 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
20.25 Grey's Anatomy
21.10 The Good Doctor
21.55 Mary Kills People
22.40 NCIS
23.25 S.W.A.T.
00.10 Magnum P.I.
00.55 True Detective
01.55 True Detective
02.55 True Detective
03.50 True Detective

STÖÐ 3

19.05 The Big Bang Theory
19.30 Camping
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
20.50 Splitting Up Together
21.15 Dc'S Legends of Tomorrow
22.00 Pretty Little Liars. The Perfectionists
22.45 The Last Ship
23.30 The Big Bang Theory
23.50 Camping
00.20 Seinfeld
00.45 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.00 Barcelona - Eibar
08.40 Stjarnan - Selfoss Útsending frá leik í Olís deild karla.
10.10 Haukar - Afturelding Útsending frá leik í Olís deild karla.
11.40 Haukar - Valur Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
13.10 Inter - Sampdoria
14.50 Napoli - Barcelona
16.30 Chelsea - Bayern Munchen
18.15 Meistaradeildarmörkin
18.45 Equsana deildin í hestaiþróttum
19.15 Meistaradeildin - upphitun
19.55 Real Madrid - Manchester City Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
22.00 Meistaradeildarmörkin
22.30 NBA heimildarþáttur
00.15 Braga - Rangers

STÖÐ 2 SPORT 2

16.50 Braga - Rangers Bein útsending frá leik í Evrópu deildinni.
19.55 Lyon - Juventus Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

STÖÐ 2 SPORT 3

19.05 Keflavík - Haukar Bein útsending frá leik í Dominos deild kvenna.

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

A+ Orkuflokkur
220L Kællir
89L Frystir
186cm Hæð



**LOGIK
KÆLI- OG
FRYSTISKÁPUR**
LSD185W19E

69.990

MESTA ÚRVAL LANDSINS AF STÓRUM HEIMILISTÆKJUM



**VIÐ HJÁLPUM
ÞÉR AÐ FINNA
RÉTTA TÆKIÐ**



30 DAGA SKILARÉTTUR

Þú hefur 30 daga til að prófa vöruna heima.
Ef þér líkar ekki varan getur þú skilað
henni og fengið endurgreitt.
Sjá skilmála á elko.is.



**IROBOT
ROOMBA E5158
RYKSUGURÓBÓT**
ROOMBAE515840

69.995



VERÐ FRÁ:

**AARKE
KOLSÝRUTÆKI**
AA01C2WHITE -BLACK
-STEEL -BRASS -COPPER

29.995



**OBH NORDICA
TÖFRASPROTI M. SAXARA**
OBHNN6568S0

9.990

A+++ Orkuflokkur
1400 Snúningar
9 kg



**SIEMENS
IQ500 ÞVOTTAVÉL**
WM14T69EDN

109.995

A++ Orkuflokkur
B Þétting
8 Kg



**SIEMENS
IQ300 ÞURRKARI**
WT45RVE8DN

109.995

ELKO



Stykkishólmur færður til Grænlands

Í spennuþáttunum Ísalög eru um 800 brelluskot þannig að margt er ekki sem sýnist. Stykkishólmur verður til dæmis þorpið Ittoqqortoormiit og ísjakar og miskátir ísbirnir koma og fara allt eftir því hvernig vindar blása.

RÚV sýndi annan þátt af átta í sænsk-íslensku spennuþáttaröðinni Ísalög á sunnudagskvöld. Leikstjórar þáttanna eru þeir og Guðjón Jónsson eini Íslendingurinn. Þættirnir eru að mestu teknir upp á Íslandi þótt sögunni vindi mest fram á Grænlandi en Guðjón sá alfarið um tökurnar þar.

„Við erum með eitthvað um 800 brelluskot í þessu. Allt frá því að hreinsa bara leikara, sem ákveðið var að kynna síðar til sögunnar, út úr skoti og út í að skipta um SMS-skilaboð í síma eða setja inn ísjaka eða ísbirni,“ segir Guðjón sem stjórnaði tölvubrellunum að leikstjórnarskyldum loknum.

Happafleyið Lance

„Við breyttum Stykkishólmi í hálf-gert kvikmyndarþorp í tvo mánuði meðan á tökum stóð. Bæjarbúar tóku okkur mjög vel og við erum þeim sérstaklega þakklát fyrir hlýlegar viðtökur en við fengum að setja upp leikmyndir um allan bæ, breyta skiltum og koma með ísbrjót frá Noregi inn í höfnina.

Guðjón segir ísbrjótinn RSV Per Berger gegna mikilvægu hlutverki í þáttunum en óhætt er að segja að honum hafi verið landað í Stykkishólmshöfn eftir krókaleiðum.

„Mörgum mánuðum fyrir tök var ég búinn að vera að reyna að fá þetta skip, Lance, til að nota fyrir Per Berger því það passaði akkúrat við tegund skipsins í handritinu.

Skipið er frá Tromsø í Noregi og kostnaðurinn við að sigla því til Íslands var of mikill en fyrir röð tilviljana gekk skipið í gegnum eigendaskipti og það vildi svo skemmtilega til að það var sent í slipp á Íslandi að ósk nýju eigendanna þar sem þeir fengu besta dilinn í að mála það. Við fréttum af skipinu í Reykjavík, fórum í málið og fengum skipið sem ég hafði óskað mér.“


Hnatræn truflun

Guðjón segir vinda yfirleitt hafa blásið með þeim þótt gróðurhúsaáhrifin hafi sett strik í nákvæma útreikninga. „Við vorum ótrúlega heppin með veður vegna þess að það var nefnilega oft alveg snarvitlaust. Það gerði til dæmis brjáláðan storm fyrsta tökudaginn okkar á hálendinu og það var akkúrat veðrið sem okkur vantaði til að ná þeim áhrifum sem við vildum úr senunum,“ segir Guðjón sem var þó við öllu búinn.

„Við vorum samt með allar öflugustu vindvélarnar á landinu á svæðinu og notuðum þær stundum en ekki nærri því jafn mikið og við áttum von á. Það var samt nauðsynleg trygging að vera með allt til taks. Maður treystir ekki á veður á Íslandi.“

Tassilaq á austurströnd Grænlands er miðpunktur atburðarásarinnar og þangað stefndi Grænlandsleiðangur Guðjóns þegar óvænt hlýnaði í kolunum, eða ísnum öllu heldur.

„Við lentum í smá baráttu við hnatræna hlýnun því að við vorum á leiðinni til Tassilaq eftir að hafa ráðfært okkur við sérfræðinga og skoðað gervihnattarmyndir frá síðustu árum og vissum nákvæm-



Ísbrjóturinn Lance komst loksins í sitt mikilvæga hlutverk sem RSV Per Berger eftir að hafa verið siglt eftir krókaleiðum til Stykkishólmshafnar.



Lena Endre og Johannes Kuhnke koma út úr þyrlu í senu sem virðist í grunninn mjög einföld en var í raun tekin á þremur mismunandi stöðum allt eftir því hvernig leikarar sneru og í hvaða átt þeir horfðu.



Leikmyndadeildin kom húsi fyrir á hárréttum stað á hálendinu í hvítu og fallegu umhverfi sem þurfti eðlilega lítið að að eiga við í eftirvinnslnni.

lega á hvaða tímamarki við ættum að vera þarna,“ segir Guðjón.

„Nema hvað, að svo bara hreinsast fjörðurinn af ís og allur snjór fer bara á einum degi svona rúmum mánuði fyrir en venjulega og það náttúrlega setur okkar plön í upp-nám þar sem þetta er nú svona vetrarsería.“

Rölt um ísbjarnaslóðir

Guðjón segir að ákveðið hafi verið að bíða í tvær til þrjár vikur og sjá til hvað myndi gerast í veðurkerfunum í kring en þar sem ekkert benti til þess að ísinn myndi birtast aftur var ákveðið að klára dæmið í Scoresbysundi.

„Þannig að við leigðum okkur



Guðjón sótti umhverfismyndefni mikið til á austurströnd Grænlands.

Ísalög

Þegar Norðurskautsráðið hittist á Grænlandi til að undirrita, að undirlagi sænsks ráðherra, sáttmála um að oliuborun verði bönnuð á norðurheimskautsvæðinu er ráðist á sænskt skip í nágrenninu. Áhöfninni er rænt og árásin reynist vera fyrsti hluti vel skipulagðar aðgerðar sem ætlað er að koma í veg fyrir undirritun sáttmálans.

flugvél og flugum til Scoresbysund og gerðum þetta í Ittoqqortoormiit. Það var mjög áhugavert,“ segir Guðjón en þorpið er það afskekktasta í veröldinni.

„Við lentum á Nerlerit Inaat sem er eini flugvöllurinn í fjarðarkerfinu í Scoresbysundi en engir vegir liggja til eða frá honum og engin

ÉG VARD ÞVI AÐ BREGÐA Á ÞAD RÁÐ AÐ PLATA TENGILIÐINN MINN Á STAÐNUM TIL AÐ MÚTA STARFSMANNI BÚÐARINNAR TIL AÐ REDDA OKKUR.

önnur þjónusta er í nágrenninu. Þarna eru ísbirnir tíðir gestir svo maður þurfti að vera um sig þegar maður rölti á milli bygginga.“

Hólmurinn í Scoresbysundi

Guðjón sótti mikið umhverfismyndefni til Ittoqqortoormiit sem var síðan notað til þess að breyta leikmyndinni á Íslandi í Grænland. „Við skeyttum grænenska bænum saman við Stykkishólm. Það höfðu 36 ísbirnir heimsótt bæinn þennan veturinn en þeir mega bara drepa 35 á hverju ári og einn var því flæmdur burt með skothvelli á meðan við vorum á svæðinu.“

Ittoqqortoormiit er sem fyrr segir eitt afskekktasta þorp í heimi og einangraðasti staður sem Guðjón hefur heimsótt þótt víðförull sé. „Þarna eru um 800 kílómetrar í næsta bæ á Grænlandi og ég lenti í vandræðum þegar ég kom þarna því það var enginn veitingastaður í rekstri, búið að loka matvöruhúðinni og hana átti ekki að opna aftur fyrr en eftir tvo daga.

Ég varð því að bregða á það ráð að plata tengiliðinn minn á staðnum til að múta starfsmanni búðarinnar til að redda okkur. Það hafðist en við keyptum eitthvað af frosnum vistum sem komu með síðasta skipi átta mánuðum áður en þangað koma aðeins tvö skip á ári. Bæði yfir sumartímamann.“ toti@frettabladid.is

Cheerios síðan 1977

Brynhildur, leikstjóri



Vertu eins og heima hjá þér



SCOTT

Hornsófi úr sterku, dökkgráu, Kentucky Stone, bonded leðri (leðurblöndu). Innra byrði púðanna er úr kaldpressuðum, mjög endingargóðum, svampi, trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fæturnir eru sterkir úr svörtu járn. Fæst með hægra eða vinstra horni (ekki færarlegt).

Stærð: 293 x 217 x 85 cm.

215.992 kr. ~~269.990 kr.~~



FRIDAY

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Grátt, dökkgrátt og brúnt slitsterkt áklæði. Stærð: 285 x 232 x 91 cm

142.493 kr. ~~189.990 kr.~~



FRIDAY

Hornsófi með hvíld. Rúmgóður sófi með háu baki og góðum bakstuðningi. Hægri eða vinstri tunga (ekki færarlegt). Stærð: 370 x 232 x 91 cm

239.993 kr. ~~319.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

LÍFIÐ ER Á FRETABLAÐIÐ.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Saga Garðarsdóttir æfir nýtt uppistand annað kvöld í Þjóðleikhúskjallaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Saga býður upp á hjónabandsráðgjöf

Annað kvöld prófar **Saga Garðarsdóttir** nýtt efni í Þjóðleikhúskjallaranum. Uppselt er á sýninguna, en á henni verður einnig boðið upp á hjónabandsráðgjöf frá Kristínu Tómasdóttur.

Annað kvöld stendur leikkonan og grínistinn Saga Garðarsdóttir fyrir uppistandi í Þjóðleikhúskjallaranum þar sem hún ætlar að prófa nýtt efni og að eigin sögn, tala um tilfinningar sína. Á viðburðinum fá áhorfendur tækifæri til að skyggast inn í frekar óritskoðaðan huga Sögu áður en hún nær að slípa efnið og smyrja fyrir allar árshátíðirnar og aðra viðburði sem fram undan eru.

Góð stemning og hlýja

„Ég verð að prófa nýtt efni svo ég get ekki lofað að það verði myndi en það verður pottþétt góð stemning og hlýja,“ segir Saga.

Hún segist ekki hafa lent í neinu hræðilegu óhappi á uppistandi.

„Það versta sem ég hef lent í er að gleyma að ég eigi að vera einhvers staðar. Og nokkrum sinnum hef ég gleymt að mæta en verið búin að lofa mér í að koma fram,“ segir hún.

Saga segist vera að koma af fullum krafti aftur í uppistandið með nóg af nýju efni.

„Mér finnst skemmtilegast að vera með uppistand. Og mig langar að endurnýja efnið mitt. Það er kvalafullt ferli. Já, ég ætla að fara á fullt í uppistandið núna,“ segir Saga.

Mótunarárin og kynórar

Á hvaða málefnum snertir þú í sýningunni?



Saga stefnir á að fara á fullt í uppistand á næstunni. Plakatið skreytti Hugleikur Dagsson. MYND/SAGA SIG

„Núna er enn allt svo opið. Ástin, vináttan og mótunarárin eru til umræðu. Og kynórar.“

Saga segist ekki bara ætla að grínast annað kvöld, heldur mun hún líka snerta á tilfinningum og fá til sín hjónabandsráðgjafann Kristínu Tómasdóttir. Hún mun vafalaust gefa gestum góð ráð í makavali.

„Ég er orðin svo viðkvæm eftir að ég varð mamma svo ég reikna með að bresta nokkrum sinnum í grát. Hvað hjónabandsráðgjöfina varðar þá þekki ég mjög marga sem ætla að mæta sem rangparaðir og ég vona að þeir muni átta sig á því þetta kvöld,“ segir Saga,

ÉG ER ORDIN SVO VIÐKVÆM EFTIR AÐ ÉG VARD MAMMA SVO ÉG REIKNA MEÐ AÐ BRESTA NOKKRUM SINNUM Í GRÁT.

Pabbi myndastur

Hvað finnst þér sjálfri myndastur?

„Pabbi minn að segja brandara.“

Að uppistandi loknu tekur Saga nokkur lög með Mána Arnarsyni.

„Mig langar að segja að þetta séu töffaralög en einhver töffari myndi kannski kalla þetta lúðalög,“ segir hún og bætir við: „Máni er svo góður, þannig að samstarfið gekk mjög vel.“

Leikritið Veisla

Það er nóg að gera hjá Sögu fyrir utan uppistandið og veislustjórn.

„Ég er í leikritinu Veislu í Borgarleikhúsinu, en það er sketsasýning um veislumenningu. Það verður allavega hittari ef uppistandið klikkar,“ segir hún og hlær.

Saga á sér líka draumahlutverk. „Mig langar að leika lögreglukonu í sakamálaþætti. Konuna sem er alltaf að senda sýni til Noregs.“

Uppselt er á uppistandið svo lesendur verða einfaldlega að hafa augun opin eftir næsta uppistandi frá Sögu. steingerdur@frettabladid.is



NJÓTTU **NÁTTÚRÚLEGRA**
AUGNABLIKA LÍFSINS.

NÝTT

NATURALLY GOOD
INNIHELDUR **LÍFRÆNT ALOE VERA**
FYRIR NÁTTÚRULEGAN LJÓMA



100% ENDURNÝTANLEGAR PAKKNINGAR



NÁTTÚRULEGASTA UMÖNNUNIN OKKAR



99% NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI



BAKÞANKAR

Davíðs
Þorlákssonar



Fótur og fit

Það varð uppi fótur og fit á heimili einu um daginn eins og greint var frá í Bakþanka í fyrradag. Fjölskyldufaðir hafði pantað sér áfengi á netinu sem unglingur tók svo á móti. Pistlahöfundur notar þetta til að draga ályktanir um afleiðingar þess að við færum áfengislöggjöf okkar nær Evrópu. Hún nefnir eynd, ofbeldi, lögbrot og krabba-mein, svo fátt eitt sé nefnt, og finnst henni eflaust að hún sé þá heldur að draga úr.

Síðasta aldarfjórðung hefur verið hægt að panta áfengi í gegnum erlendar netverslanir, en ekki innlendar. Ef frá eru talin fóturinn og fitin að ofan þá hefur það gengið vel. Algengt er að ríki reyni að mismuna innlendum aðilum á kostnað erlendra, en það hlýtur að vera fátítt að því sé öfugt farið. Dómsmálaráðherra hefur kynnt frumvarp þar sem lagt er til að þetta verði lagað með því að heimila innlenda netverslun með áfengi. Frumvarpið felur í sér mjög hófsamt skref. Áfengi verður ekki sýnilegra, eins og gagnrýnt hefur verið varðandi hugmyndir um sölu þess í matvöruverslunum. Allir sem taka við því munu þurfa að sýna skilríki.

Það er verðugt rannsóknar-efni fyrir íslenska lækna hvað það er við það að búa á Íslandi sem gerir okkur svo hömlulaus að við þurfum að hafa strangari áfengislöggjöf hérna heldur en víðast hvar í Evrópu. Að það þurfi að hafa meira vit fyrir okkur en öðrum. Að okkur sé treystandi til að panta í gegnum vef sem endar á .com, en ekki .is.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO



COKE
ÁN SYKURS
500 ML
169
KR/STK

Kvikk
ON THE GO



Stúlkan með drekatattúioð ræðir æskuárin á Íslandi

Fyrsti gesturinn í nýjustu þáttaröð af **Með Loga** er Hollywood-leikkonan **Noomi Rapace**. Margir þekkja sænsku stórstjörnuna sem Lisbeth Salander í Millenium-þríleiknum en færri vita að fyrsta hlutverk hennar var í víkingamyndinni Í skugga hrafnsins. Rapace ræðir við Loga um æskuminningarnar og fleira – á íslensku.

Þátturinn kemur á fimmtudag í **Sjónvarp Símans Premium**.



MEÐ LOGGA